



BRÚÐKAUP

SKÍNANDI VETRAR- BRÚÐKAUP

Sigríður Erla Sturludóttir og Bjarki Vigfússon fundu hvort annað fyrir tæplega sex árum. Þau gengu í hjónaband 30. desember þegar hún var komin 33 vikur á leið með annað barn þeirra. Hún segir lífið verða skýrara og fallegra í hjónabandi.



Dmitry Schemele/Unsplash

Hver er munurinn á hjónabandi og skráðri sambúð?

Eitt það gleðilegasta sem getur gerst í lífi fólks er þegar tveir aðilar finna hvor annan og kunna svo vel við samvistirnar að þeir vilja verja lífinu saman. Þegar fólk hefur komist að þeirri niðurstöðu að það vilji verja lífinu saman er næsta skref að ganga í hjónaband.

Sá algengi misskilningur ríkir í íslensku samfélagi að fólk sem er skráð í sambúð njóti sömu réttinda og fólk í hjónabandi. Réttindi giftra og fólks í skráðri sambúð eru gjörólík. Gift fólk er til dæmis framfærsluskylt hvort öðru og eiga gagnkvæman erfðarétt. Fólk sem er skráð í sambúð erfir ekki hvort annað. Ef annar aðilinn fellur skyndilega frá á sá sem eftir lifir engan rétt.

„Engin heildarlög gilda um óvígða sambúð og það fer eftir aðstæðum og málaflókum hver réttindi sambúðarfólks eru,“ segir á vef stjórnarráðsins. Það má því alveg spyrja sig hvers vegna fólk skráir sig í sambúð hjá Þjóðskrá yfirhöfuð. Er eitthvað í því fyrir fólk?

Fólki með skuldbindingarfærni vex það í augum að giftast en góðu fréttirnar eru að það er mun auðveldara að fara hvort í sína áttina ef fólk er gift. Í landinu gilda hjúskaparlög og þau segja til um að eigum fólks við hjúskaparslit eigi að skipta til helminga. Nema gerður hafi verið kaupmáli sem segir til um annað.

Allt tal um erfðamál og erfðarétt getur verið fólk þungbært. Það er vegna þess að flestir eru með tilfinningar sem flækjast fyrir þeim þegar mikið er í húfi. Nema fólk sé með skilgreinda siðblindu – þá bitur ekkert á það. Það er samt í raun frekar furðulegt að fólk finnst erfitt að ræða erfðamál því það eina sem fólk veit fyrir vist er að það mun deyja. Það veit bara enginn hvenær kallið kemur og planið hjá allfestum, allavega þeim allra ástföngnustu, er að fara saman á Hrafnistu og njóta lífsins hönd í hönd fram á síðasta dag. Lífið hefur þó tilhneigingu til að koma stöðugt á óvart og oft endar það ekkert eins og í rómantískri bíómynd. Það getur allt farið í vaskinn – og það oftast en einu sinni á lífsleiðinni.

Allt tal um kaupmála og erfðaskrár er líka töluvert feimnismál í okkar samfélagi. Kannski er það vegna þess að það er svo stutt síðan enginn átti neitt til skiptanna þegar yfir lauk. Á hernámsárunum vænkaðist hagur þjóðarinnar og fólk fór að skilja eftir sig verðmæti. Kannski þarf að fræða þjóðina betur um kaupmála og erfðaskrár því margir virðast halda að það sé nóg að hripa eitthvað niður á blað og geyma á góðum stað í náttborðsskúffunni í von um að ættingjar eða maki muni finna það eftir þeirra dag. Slíkt er ekki nóg. Það þarf að þinglýsa kaupmálum og erfðaskrár.

Þegar fólk hefur komist að samkomulagi um alla praktíska hluti er næsta skref að ákveða giftingardag, skipuleggja, gera kostnaðaráætlun og fara yfir grunngildin. Það er alveg sama hvort fólk heldur upp á giftinguna með risaveislu eða tekur næsta tíma sem losnaði óvænt hjá sýslumanni.

Framtíðarverkefni hjónabandsins er svo að finna leið til að halda í maka sinn og reyna að vera ekki mesti hálfviti sem fæðst hefur.

Marta María Winkel Jónasdóttir



Sendu gestina heim með nesti!

Það fullkomnar brúðkaupsveisluna að gefa brúðkaupsgestum gleðipoka í lok kvölds. Það er engin þörf á að leika Oprah Winfrey og gefa flugmiða eða bíl. Það er góð hugmynd að setja nokkra litla hluti sem nýtast í þynnkunni daginn eftir veisluna.

Þakkarkort!

Allar líkur eru á því að brúðkaupsdagurinn verði besti dagur lífs ykkar og er það ekki síst vegna þess að fólk þykki ykkar mætti til að skemmta sér með ykkur. Skrifðu lítil þakkarbref og setjið í alla poka.

Verkja-töflur!

Það er sniðugt ráð að lauma eins og tveimur verkjatöflum eða Treo í pokana. Það er ekki ólíklegt að nokkrir gestir vakni með höfuðverk daginn eftir brúðkaup. Það er lykilaríði að setja töflurnar í sætan poka en ekki gefa heilan íbúfen-kassa. Þetta á umfram allt að vera sætt og skemmtilegt.

Orkudrykkur!

Góður orkudrykkur kemur sér vel daginn eftir langa nótt. Verið viss um að dósin passi ofan í pokann.

Sælgaeti!

Það er mikilvægt að senda gestina heim með smá gotteri. Gestirnir geta borðað góðgætið þegar heim er komið eða beðið með það til morguns. Gott nammi, súkkulaði eða jafnvel poppi í poka kemur til greina. Ef þú ert í hollu deildinni má alveg gefa epli eða appelsínu.

Dekurvörur!

Þegar fólk vaknar þreytt og bólgið eftir brúðkaup ársins er gott að eiga maska eða góða baðbumbu. Það þarf

Komdu í veg fyrir höfuðverk vina þinna með nokkrum verkjatöflum.



Bjargaðu deginum daginn eftir með orkudrykk.

Gott nammi í gleði-pokanum gleður alla.



Andlitsmaski frá Neutrogena fæst í Hagkaup og kostar 669 krónur.



Litlir pokar eru sniðug lausn fyrir verkjatöflur.

ekki að vera dýrt að lauma nærandi andlitsmaska í pokann. Það má einnig gefa litlar túpur af fótakremi eða handáburði.

Magnkaup!

Hugurinn skiptir meira máli en það sem er ofan í pokanum. Það er tilvalið að kaupa nammi í stórum pökkum og skipta því niður í litlu pokana. Þar með verður allt voða settlegt og fínt og kostnaðurinn verður minni.

Fáðu góða vini til að raða í gjafapokana.



Epsom-salt sem fær þig til að slaka í baði eftir nótt á dansgólfinu. Litill poki fæst í Hagkaup og kostar 1.849 krónur.

Útdeilið pokaverkefninu!

Vinir og vandamenn eru yfirleitt tilbúnir að gera allt fyrir verðandi brúðhjónin. Fáðu nokkra til að hafa umsjón með pokaverkefninu.

ICELANDAIR 

Gefðu minningar
í brúðkaupsgjöf



icelandair.is

Góð ferðasaga er gjöf
sem endist alla ævi

Hvað er betra en að hefja lífið saman á yndislegum minningum? Brúðhjónin geta nýtt fleiri en eitt gjafabréf og sett saman draumaferðina – hvort sem hún er rómantísk, framandi eða stútfull af adrenalínfylltum ævintýrum.

Minning að eigin vali á icelandair.is/gjafabref

Þessi kjóll er afslappaður en þó sparilegur. Hann er frá LK Bennett sem nýtur vinsælda hjá konungsfjölskyldunni. Katrín prinsessa af Wales er mikill aðdáandi merkisins og er það í hefðbundnum breskum stærðum. Hægt er að panta til Íslands á vefnum www.lkbennett.com



Spangir geta gert mikið fyrir heildarmyndina. Þessi er frá By Malina og kostar 11.139 kr. Hún fæst á Boozt.



Gróft armband fyrir brúður með töffarastæla. Þetta armband er frá Orrafinn og kostar 22.900 krónur.



Sítt slör getur verið eins og kápa. Þetta er frá By Malina og fæst í Loforði. Það kostar 26.299 kr.

Ekki láta óþægileg föt eyðileggja andrúmsloftið

Það getur verið þrautin þyngri að finna hinn fullkomna brúðarkjól. Kjóllinn þarf að kalla fram það besta og verður á sama tíma að vera þannig að hægt sé að klæðast honum í marga klukkutíma án þess að verða úrvinda. Hann má ekki þrengja að og brúðurin þarf að vera frjáls en á sama tíma má henni ekki verða kalt og alls ekki of heitt. Óþægileg föt geta eyðilagt andrúmsloftið og það geta óþægilegir skór líka gert.



Settlegr skór með þægilegum hæl sem hægt er að vera í allt kvöldið. Skórnir passa vel við alla hvíta brúðarkjóra. Skórnir eru framleiddir á Spáni og fást í Apríl skóm. Þeir kosta 36.990 krónur.



Gyllt armband með perlum sem gerir arbandið sérstaklega hátíðlegt. Þetta armband er frá íslenska merkinu Aurum og kostar 27.900 krónur.



Fallegir bleikir prinsessuskór við hvíta kjólinn á brúðkaupsdaginn! Þessir skór eru úr flaueli og eru frá danska merkinu Custommade. Skórnir fást í verslun Andreu í Hafnarfirði og er fullt verð 38.900 krónur

Fágaðir gylltir eyrnalokkar fyrir einstakan dag. Þessir lokkar eru frá By Lovisa og kosta 15.900 krónur.



Guðdómlega látlaus vel sniðinn kjóll frá By Malina. Hann fæst í Loforði og kostar 141.659 kr.



Það er nauðsynlegt að vera með góða ballskó. Þessir Nike-skór eru fullkomnir þegar líða fer á kvöldið. Þeir fást í AIR og kosta 31.995 krónur.

Fallegt gyllt hálsmen sem passar vel á brúðkaupsdaginn. Þetta hálsmen er frá Hildi Hafstein og kostar 29.900 krónur.



Það getur verið mikill hausverkur að finna brúðarkjól við hæfi og svo þarf að finna skó, skart og kannski brúðarslör.

Ljósmynd/Karolina Grabowska/Unsplash

Það má leyfa sér smá glamúr á brúðkaupsdaginn. Þessir skvísusandalar eru frá Ginu Tricot og kosta 8.495 krónur.



Leikkonan Salka Sól Eyfeld gifti sig í kjól frá Eyrúnu Birnu Jónsdóttur sem rekur fyrirtækið Bloom By Eyrún. Eyrún hefur sérsaumað brúðarkjóra síðan 2015.




Þessi kjóll er frá Bloom By Eyrún og er afar klæðilegur.



Glitrandi hælskór frá Steve Madden fyrir alvörudrottningar á brúðkaupsdaginn. Skórnir fást í GS skóm og kosta 29.995 krónur.

Fallegir perlueyrnalokkar eru klassískt val á brúðkaupsdaginn. Þessir eru frá Hlín Reykdal og kosta 16.900 krónur á heimasíðu hennar.



Breska merkið LK Bennett kemur alltaf með sérstaka veðreiðalínu á hverju ári. Í línunni má finna kjóra sem gætu komið sér vel sem brúðarkjólar. Þessi er til dæmis látlaus en þó þannig í sniðinu að hann er sparilegur. Svona snið hentar vel fyrir þær sem vilja ekki vera með bera handleggi.

Stenströms.

högl



hjá
Grafnhildi



Dagsetning!

Það er ekki hægt að skjótask bara til sýslumanns í hádeginu og taka miða eins og í apótekinu. Það þarf að hugsa nokkur skref fram í tímann þó svo að markmiðið sé að klára þetta af. Rétt eins og kirkjur og prestar geta verið uppbókuð getur verið uppbókað hjá sýslumanni. Stundum er sérstaklega mikið að gera eins og á sumrin. Hjá Sýslumanni höfuðborgarsvæðisins fara hjónavígslur fram á fimmtudögum frá 12.30 til 15.00 og á föstudögum frá 12.30 til 14.00.



Gjafalisti!

Ef brúðhjón ætla að halda veislu er gert ráð fyrir að gefa gjöf, hvort sem fólk vill gjafir eða ekki. Það er mjög sniðugt að gera gjafalista í búðum. Það sem er enn sniðugra er að gera það vel fyrir brúðkaupið. Þannig má koma í veg fyrir stress rétt fyrir brúðkaupið. Einnig kemur það í veg fyrir að fólk í kringum ykkur gefist upp á frestunaráttunni og fari af stað og kaupi eitthvað sem fer beint ofan í geymslu. Auðvitað má líka biðja um peninga upp í brúðkaupsferð eða í listaverkasjóð. En hvað ef þið farið aldrei í brúðkaupsferðina eða þið eyðið óvart listaverkasjóðnum í nýjan bíl? Það er um að gera að setja dýra og ódýra hluti á gjafalistann og höfða þannig til allra sem og einstaklinga og stærri vinahópa.

Föt!

Hvort sem verðandi hjón eru að skipuleggja 150 manna veislu eða notalegan dag án gesta þurfa fötin að vera í lagi. Það er vel hægt að nýta gömul föt en þá þarf að huga að því að fara með þau í hreinsun, á saumastofu og með skóna til skósmíðs. Ef jakkaföt eru sérsaumuð fyrir daginn þarf að gera það snemma enda tekur tíma að sauma fötin. Eins tekur tíma að velja kjól, laga hann til eða jafnvel kaupa annan betri.

Er tilvonandi enn í hjónabandi með fyrrverandi?



Dansinn!

Stundum gleyma verðandi hjón því að gert er ráð fyrir að þau dansi í veislunni. Það getur verið skemmtilegt að vera á dansnámskeiði allan veturinn en ekki nauðsynlegt. Það er samt betra að byrja að hugsa um þetta fyrr en 48 tímum fyrir daginn. Með því að velja lag og æfa nokkur grunnspor má komast hjá ansi vandræðalegu augnabliki og koma í leiðinni partíinu af stað. Hvort sem fólk fer til kennara eða á Youtube þá er alltaf betra að læra heima!

Eitt það allra mikilvægasta er að velja dagsetningu en án þess er einfaldlega ekki hægt að ganga í hjónaband. Það er líka betra að komast að því fyrr en seinna ef það gleymdist að skrifa undir skilnaðarpappírana síðast. Án þessara grunnatriða getur brúðkaup ekki átt sér stað, að minnsta kosti ekki lagalegur samningur hjóna. Svo skiptir auðvitað máli að redda 100 öðrum hlutum eins og hér verður farið yfir.



Miðnætur-snar!

Á miðnætti byrja garnirnar að gaula. Best er að bjóða upp á eitthvað nógu sveitt og nógu einfalt. Heimsendar pitsur höfða til allra eða matarvagn sem býður upp á hamburgara. Svo er líka bara hægt að bjóða upp á grillaðar samlokur eða plokffisk. Annað eins hefur gerst. Reglan er að hugsa út í þetta og missa ekki fólk heim út af svengd.

Djóðskrá

Hjónavígsluskýrsla
Svarsmennsvottorð og könnunarsvottorð
Sýslumanni

Útgáfa: 1.3
Þessi útg. 06.01.2022

Upplýsingar um hjónaefni

Nafn	Nafn
Kennitala / Fæðingarslagur	Kennitala / Fæðingarslagur
Lögheimili	Lögheimili
Bíllfang	Bíllfang
Símanúmer	Símanúmer
Netfang	Netfang

Könnunarsvottorð!

Vegabréf er ekki nóg til þess að ganga í hjónaband. Til að giftast þarf að uppfylla ákveðin hjónavígsluskilyrði og þarf tvo svaramenn til þó svo að könnunarsvottorðið sé stafrænt. Sé hjónavígsla fyrirhuguð á næstunni er ráðlagt að sækja um könnun á hjónavígsluskilyrðum með góðum fyrirvara. Verðandi hjón sem ætla þessu daginn fyrir brúðkaupið þurfa að finna nýjan brúðkaupsdag.

Einstök spa upplifun fyrir brúðhjónin



SHREYFING SPA

GUERLAIN

PARIS



NÝTT

TERRACOTTA

SÓLARPÚÐUR & KINNALITUR

ALLT AÐ 96% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI*
ÁFYLLANLEGAR UMBÚÐIR SÓLARPÚÐRA
& NÝIR KINNALITIR

*Byggt á nákvæmum mælingum ISO 16128.
*Terracotta sólarpúður: 96% náttúruleg innihaldsefni. Terracotta kinnalitir: 90% náttúruleg innihaldsefni.

HAGKAUP

Guerlain fæst í Hagkaup
Kringlunni og Smáralind.

Giftu sig í kastala í Elton John-brúðkaupi

Orri Einarsson, hönnuður og viðskiptastjóri, og Soffía Lena Arnardóttir húðflúrari gengu í hjónaband á Spáni í fyrra. Um 100 manns komu í veisluna og gistu flestir á sama hóteli í heila viku, sem gerði brúðkaupið ógleymanlegt.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is



Orri Einarsson og Soffía Lena Arnardóttir giftu sig í fyrra en hafa verið saman síðan þau kynntust fyrst á Tinder.

Ljósmynd/Jose Ánge

Ást Orra og Soffíu kviknaði á stefnumótaforriti. „Eins og alvöru samtímaástarsaga byrjaði okkar á Tinder,“ segir Orri um hvernig þau kynntust. Í ljós kom að Orri smellpassaði inn í fjölskylduna. „Ég var að skrolla og rak augun í gaur sem heitir það sama og pabbi minn og bróðir minn, vantaði allavega einn Orra í viðbót. Við höfum verið límd saman síðan á fyrsta deiti,“ segir Soffía.

Fór á skeljarnar á Elton John-tónleikum

Hvernig var bónorðid og af hverju ákváduð þið að ganga í hjónaband?

„Orri elskar Elton John, það kom eiginlega ekkert annað til greina en að biðja hans á tónleikum sem við fórum á á Ítalíu. Ég var búin að segja honum að það mætti ekki fara á skeljarnar

af fyrr en eftir að minnsta kosti tveggja ára samband,“ segir Soffía sem braut regluna sjálf.

Orri segir að bónorðid frá eiginkonu sinni í Milanó í júní 2022 hafi komið á óvart.

„Það er erfitt að lýsa þessu augnabliki en þetta var mjög óvænt. Soffía var búin að banna mér að fara á skeljarnar fyrr en í fyrsta lagi eftir að við værum búin að vera saman í tvö ár en þarna vorum við búin að vera saman í tæp tvö ár. Þó að Soffía sé mesti töffari sem ég þekki og fari oft gegn straumnum þá átti ég ekki von á þessu frá henni. Þegar ég áttaði mig á hvað væri að gerast fór ég bara að grenja og kom ekki upp orði. Soffía hélt að ég væri eitthvað óviss en þetta var mitt auðveldasta já,“ segir Orri.

Soffía segist ekki alltaf hafa séð fyrir sér að ganga í hjónaband. „Áður en ég kynnist Orra hafði ég ekki hugsað mér að

giftast, svo eftir að hafa farið í brúðkaup hjá vinum og ættingjum þá fattaði ég hvað það er gaman að fagna ástinni með öllum sem maður elskar.“

Kastalabrúðkaup á Spáni

Hjónin voru sammála um að ganga í hjónaband erlendis. „Ítalía var alltaf mjög sexí hugmynd, sérstaklega þar sem við höfðum trúlofað okkar á Ítalíu en Soffía á stóra fjölskyldu á Spáni og því gaf það augaleið að gera þetta þar. Þegar þau bentu okkur á kastala rétt fyrir utan bæinn sem þau búa í þá var þetta bara selt. Í millitíðinni ákváðum við að flytja til Spánar og vorum við því komin út fjórum til fimm mánuðum fyrir brúðkaupið,“ segir Orri.

„Það var svo gaman að hafa stemningsviku með öllu uppá-“


BRÚÐKAUP

Allt sætt fyrir veisluna



Hjá okkur finnur þú allt sætt fyrir brúðkaupsveisluna. Bókaðu tíma í ráðgjöf hjá okkur og hannaðu þína drauma köku.

Kveðja Audur og Sylvia

f  17sortir

www.17sortir.is

17sortir@17sortir.is





Orrí og Soffía segja að dagurinn hafi verið ólýsanlegur og hafi farið fram úr þeirra björtustu vonum.

Ljósmynd/Jose Angel



Orrí segir það hafa verið magnað augnablik að sjá Soffíu Lenu ganga inn í kastalann.

haldsfólkinu sínu í sól. Mér leið eins og ég væri í draumi eða bíómynd," segir Soffía um brúðkaupið en hún segir ótrúlega marga hafa mætt í brúðkaupið. „Það komust næstum allir 120 sem við buðum sem er ótrúlegt. Það er ótrúlegt hvað fólk lagði á sig til þess að koma. Ein vinkona mín var nýbúin að fæða barn, hún dreif í því að skíra, græjaði flýtimeóferð á vegabréfi fyrir krakkann og plöggaði tengdó í að passa hér úti á brúðkaupsdaginn," segir Soffía.

Orrí segir að fjöldi gesta hafi komið skemmtilega á óvart. „Þegar við fórum af stað með þetta þá hélt ég að 50 til 60 manns myndu mæta. Langflestir gestirnir gistu á sama hóteli í heila viku og þar var mikil stemming allan tímann," segir hann.

Er flókið að skipuleggja brúðkaup erlendis og hvernig gekk það?

„Það er aðeins meira en að segja það en við erum svo heppin að eiga eina aukamömmu, sem er Auður stjúpmamma mín. Hún lagði sig alla fram í að hjálpa okkur, hún skipulagði og hélt utan um allt. Hún er líka spænskutúlkur svo að hún pantaði rútur, leigubíla, fékk tilboð í hótél fyrir gesti og sá um allt sem tengdist kastalanum fyrir okkur," segir Soffía og er Orrí sammála um að stuðningur Auðar Hansen, tengdamömmu hans númer tvö, og föður Soffíu hafi verið ómetanlegur. Hafa þau verið búsett á Spáni í rúmlega 20 ár.

Klæddist samfestingi

Soffía klæddist töffaralegum blúndusamfestingi með pilsí sem var hægt að taka af.

„Ég sá fyrst fyrir mér að hafa lítið brúðkaup á ströndinni og vera í mjög einföldum silkkikjól og vera á tásunum. Svo sagði ég

► SJÁ SÍÐU 12



Unnur Arndís seiðkona stýrði athöfninni.



Hjónin notuðu sverð til þess að skera kökuna.

„Maður getur ekki verið í einföldum kjól í Elton John-kastalabruðkaupi. Ég meika ekki prinsessukjóra svo ég gúglaði brúðkaupssamfestinga og fann þennan á Etzy, það var næs að geta tekið pilsíð/skikkjuna af.“



Soffía Lena varði morgninum með sínum nánustu.

LANCÔME

PARIS

MJÖG ENDINGARGÓÐUR,
NÁTTÚRULEGA MÖTT ÞEKJA

81% HÚÐBÆTANDI SERUM
AUGGAÐ HÝALÚRONSÝRU

MIKIÐ LITAÚRVAL
SPF 35

FARÐI ÁN TAKMARKANA,
ÉG GET ALLT.

TEINT IDOLE ULTRA WEAR
24H* LONGWEAR
WITH CARE

FALLEGRI HÚÐÁFERÐ Á 4 VIKUM**



*NEYTENDAPRÓF Á 193 KONUM

**NEYTENDAPRÓF Á 180 KONUM



Móðir Soffíu Lenu fylgdi henni upp að altarinu en faðir hennar var með tónlistaratriði á meðan ásamt bróður hennar.

Ljósmynd/Jose Ángel

við Orra að við þyrftum að velja þema en ég átti við lit á rósum eða dúkum. Hann svaraði hins vegar: „Þema? Ég vissi ekki að það væri þema í brúkaupum! Er það ekki bara Elton John?“ Það var besta ákvörðunin! Maður getur ekki verið í einföldum kjól í Elton John-kastalabrúðkaupi. Ég meika ekki prinsessukjóra svo ég gúglaði brúðkaupssamfestinga og fann þennan á Etzy, það var næs að geta tekið pilsid/skikkjuna af.“

Orra keypti sín fót á Íslandi. „Ég fékk mín fót hjá Kölska. Algjörir meistarar þar og fötin nákvæmlega eins og ég sá þau fyrir mér. Ég var búinn að fara í mælingar og svoleiðis áður en ég fór út og svo kom mamma með fötin til mín tveimur vikum fyrir stóra daginn,“ segir Orra.

Aldrei upplifað aðra eins veislu

Hvernig var veislan?

„Veislan var mögnuð! Svo fallegar ræður, gaman að heyra frá fólkinu okkar. Vinahópurinn minn úr æsku tók rosaalega ræðu sem endaði í trylltum dansi, þær drógu svo alla veisluna í kónga og út í garðinn, þar tók við eitt ruglaðasta partí sem ég hef verið í. Vinir Orra úr Áttunni og Kristmundur Axel pössuðu alveg upp á stemninguna. Gæinn sem sér um brúðkaup í þessum kastala sagði mér eftir á að hann hefði aldrei upplifað svona skemmtilegt brúðkaup,“ segir Soffía.

„Það er erfitt að lýsa þessu augnabliki en þetta var mjög óvænt. Soffía var búin að banna mér að fara á skeljarnar fyrr en í fyrsta lagi eftir að við værum búin að vera saman í tvö ár en þarna vorum við búin að vera saman í tæp tvö ár. Þó að Soffía sé mesti töffari sem ég þekki og fari oft gegn straumnum þá átti ég ekki von á þessu frá henni,“ segir Orra.

„Þetta var eitthvert annað „level“ af sturlun og verður erfitt að toppa. Við eigum mikið af hæfileikaríkum vinum sem sáu um veislustjórn og tónlistarflutning. Að skemmta sér á þessum degi með fjölskyldunni sinni og öllum bestu vinum í kastala á Spáni er eiginlega ólýsanlegt,“ segir Orra.

Fullkominn dagur

Hver var hápunktur dagsins?

„Ég get varla valið, dagurinn var allur fullkominn og ólýsanlegur. Það sem stendur hæst er að ganga inn kirkjugólfíð og horfa á manninn sem ég ætla að verja ævinni með standa tilbúinn að taka við mér. Mamma leiddi mig inn og pabbi og Máni bróðir minn spiluðu rokkaða útgáfu af brúðarmarsinum. Það var svo gaman að upplifa allar þessar nýju mögnuðu tilfinningar í athöfninni, líta svo yfir hópinn og það var allt litabemað og öll gleraugun og svo fengum við vinkonu okkar Unni Arndísar seiðkonu til þess að gefa okkur saman. Ótrúlega falleg og skemmtileg athöfn,“ segir Soffía og heldur áfram að telja ógleymanlegar stundir sem gerðu daginn að besta degi lífs þeirra.

„Auður mamma tvö bauð upp á litla rétti og bubblur heima hjá sér fyrir mig og mínar nánustu um morguninn. Vinkonur mínar Arna Sigurlaug og Sonja Líf sáu um hár og förðun. Það var gaman að vera umvafin konunum mínum fyrir athöfn. Allar ræðurnar yfir matnum, við skárum kökuna með sverði sem var gaman! Fyrsti dansinn var inni í tyrknesku tehusi, við fengum flugeldasýningu með dansinum. Þetta var rosalegt partí,“ segir Soffía.

Hápunkturinn að mati Orra var einfaldur. „Fyrir mér er það þegar dyrnar á kastalanum opnuðust og eiginkonan mín kom gangandi inn,“ segir Orra að lokum.



Hjónin fóru sínar eigin leiðir eins og sést á hundinum sem tók þátt í brúðkaupinu þeirra.



Það kom aldrei til greina annað en að gifta sig erlendis.

Kjötkompaní

ALLT FYRIR

VEISLUNNA



DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



Ísak Einar Ágústsson og Fróði Kjartan Rúnarsson brenna fyrir fallega saumuðum herrafötum.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



Brúðkaupsjakkaföt í ljósari kantinum eru fullkomin á sumrin.

Herraföt fyrir brúðkaup

Fróði Kjartan Rúnarsson og **Ísak Einar Ágústsson** eru eigendur Jökuls & Co. en þeir sérhæfa sig í sérsaumuðum fötum. Þegar kemur að jakkafötum á brúðkaupsdaginn segja þeir mikilvægt að brúðguminn klæðist ekki óformlegri fatnaði en gestirnir.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Víð ákváðum að stofna Jökul & Co. vegna þess að við viljum að menn sjái að jakkaföt eru meira en eitthvað sem þeir neyðast til að fara í við finustu tilefni. Þau þurfa ekki að vera óþægileg og ópersónuleg, heldur geta þau dregið fram bestu eiginleika herramannsins. Jakkaföt eiga sér mikla sögu og alls kyns menning sem fylgir þeim," segja félagarnir.

Þeir segja að tískuáhuginn hafi kviknað við útskrift úr menntaskóla þegar þeir þurftu að kaupa fyrstu almennilegu jakkafötin. „Maður fann hversu stóran þátt það lék í sjálfstraustinu og þá varð ekki aftur snúið. Svo höldum við að sjónvarpsseríur og myndir hafi ýtt undir áhugann, en þar eru þættir og myndir eins og Peaky Blinders og The Godfather í miklu uppáhaldi. Þar kynntist maður stílum frá fyrri áratugum og einnig víða að úr heiminum. Forvitnin leiddi mann að svokölluðum „bespoke“-saumi, sem tíðkast í London og á Ítalíu, og síðan að sérsaumi eða málsaumi," segja þeir.

Félagarnir segja ástríðuna liggja í sérsaumi og ekki að ástæðulausu. „Svipurinn á mönnum sem máta í fyrsta sinn jakkaföt sem passa og klæða þá nákvæmlega eins og þeir vilja er ólýsanlegur. Við vitum að það eru mörg merki sem selja tilbúin jakkaföt, en við höfum næga reynslu til að vita að það er nánast ómögulegt að öll atriði fatanna séu rétt. Þar kemur sérsaumurinn inn, enda tryggir hann að allt sé eins og það á að vera, og það skiptir okkur máli.“



Blá jakkaföt eru alltaf fallég en hér er sést vel hvernig sérsaumurinn skiptir máli.

VEISLUBAKKAR

6 tegundir af smáborgurum / 3 tegundir af kjúklingalundum / Hamburgaramöffins / skyrkaka / súkkulaðikaka



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ INN Á FABRIKKAN.IS

► SJÁ SÍÐU 14



ARC'TERYX
Ný sending





Svört smóking-jakkaföt geta komið vel út í brúðkaupum.



Það er tilvalið að láta sérsauma á sig jakkaföt fyrir stóra daginn.



Bindið og klúturinn eiga ekki að vera eins en samt tóna saman eins og hjá þessum brúðguma.

Ljós jakkaföt vinsæl í sumarbrúðkaupum

Næstu almennilegu jakkaföt hjá mörgum á eftir útskriftarjakkafötum eru brúðkaupsjakkaföt og þá velja margir sérsaum. Þegar kemur að brúðkaupsfatnaði er mikilvægt að hugsa út í stemninguna í brúðkaupsveislunni.

„Hin sígildu föt fyrir brúðguma eru svört, dökkgrá og dökkblá jakkaföt en þegar við tölum um tískuna undanfarið þá þarf maður að nefna drapplituðu fötin. Þau hafa verið mjög vinsæl á síðustu árum, sérstaklega hjá yngri kynslóðunum, enda brjóta þau upp hefðirnar. Hér á landi er langvinsælast að gifta sig að sumri til og því hafa ljós

föt tíðkast frekar en dökk föt. Við hjá Jökli & Co. erum á móti hugtakinu „tíska“ og mælum alltaf með því að menn finni sinn persónulega stíl. Brúðkaup er fögnuður tveggja manneskja og því mikilvægt að klæðaburður þeirra leyfi persónuleikanum að skína í gegn og geri þeim kleift að líða sem best.“

Eru brúðkaupsjakkaföt öðruvísi en hefðbundin jakkaföt?

„Það er í raun og veru ekki til neitt sem heitir „brúðkaupsjakkaföt“ en við mælum samt alltaf með því að fjárfesta í nýju setti fyrir giftinguna. Bæði vegna þess að brúðkaup eru staðfesting á ást milli tveggja einstaklinga


GLÓANDI & FRÍSKLEGRI HÚÐ

Við hjálpum þér að velja hina fullkomnu meðferð fyrir stóra daginn



ÁVAXTASÝRUR

Gefur aukinn ljóma, góðan raka og vinnur á finum línun, litabreytingum, bólum, filapenslum og örum.



ÖRNÁLAMEÐFERÐ

Vinnur á djúpum og finum línun, slappri húð, blettum, opinni húð, örum og slitum.



HÚÐPÉTTING

Örvar kollagenframleiðslu, þéttir húðina og gefur aukinn ljóma



FYLLIEFNI

Minnkar andlitslínur, gefur lyftingu og frísklegra yfirbragð.



HÚÐSLÍPUN

Fjarlægir dauðar húðfrumur og endurnýjar ysta lag húðarinnar.

og af því að það er mikilvægt að allt sem getur verið fullkomið sé fullkomið. Brúðguminn er í aðalhlutverki með maka sínum og því er nauðsynlegt að sýna gott fordæmi og vera í sínu allra finasta, bæði fyrir gestina en einnig fyrir sig sjálfan. Jakkaföt eða smókingföt brúðgumans þurfa aðallega að henta aðstæðum og athöfninni. Fyrir giftingu í sólarlandi væri til dæmis sniðugt að skoða hörjakkaföt en ef giftingin er að kvöldi til í svalari aðstæðum myndu tvíhneppt smókingföt algjörlega slá í gegn.

Rétt svar við þessu er samt að brúðguminn þarf að passa að vera jafn formlegur eða formlegri en gestir hans. Semsagt ef dress-kóðinn er „business formal“ er í lagi fyrir brúðgumann að vera aðeins formlegri, en það er ekki ásættanlegt að vera óformlegri en gestirnir. Það væri heldur kjánalegt ef brúðguminn mætti í hörjakka og chino-buxum ef gestir hans væru í smókingfötum.

Oft er spurt hvort smókingföt séu giftingarklæðaburður. Það fer bæði eftir anda athafnarinnar, það er hversu formleg hún er, og á hvaða tíma dags athöfnin á sér stað. Smókingföt eru í raun „kvöldföt“ og því geta hefðbundin jakkaföt verið nothæfari valkostur fyrir þá sem halda athöfnina fyrr um daginn. Í efri tekjustéttum Bretlands tíðkast það að fólk skipti um föt fyrir kvöldverðinn. Þá fer það úr „dagfötunum“ sem það klæddist við athöfnina sjálfa og fer í „kvöldfötin“ sín. Það er önnur saga og lengri og við myndum ekki búast við þessu af fólki hérlendis. Við hjá Jökli & Co. bjóðum fólki einnig að fá saumaðan texta undir kragann á jakkanum og hafa margir brúðgumar fengið giftingardagsetninguna þar undir sem okkur finnst skemmtileg ósýnileg áminning sem brúðguminn ber með sér hvert sem hann fer þegar hann klæðist jakkanum.“

Fallegast þegar fötin passa

Hvað setur punktinn yfir i-ið hjá brúðgumanum?

„Punkturinn yfir i-ið, eins og við viljum alltaf benda á, er að fötin passi á þig. Það að fötin passi er vanmetin leið til að skera sig úr á meðal manna. Bara það að vestið sé nógu sítt til að fela botninn á skyrtunni, og að aðeins sjáist örlítið í skyrtuermina fyrir jakkanum er langbesta leiðin til að líta út og líða vel. Eins og í svo mörgu og þá sérstaklega hvað viðkemur klæðaburði eru það smáatriðin sem skipta máli með sniðið á fötunum.

Annar punktur sem við viljum leggja áherslu á er að ganga ekki of langt í aukahlutunum. Hógværð er og verður alltaf töluvert finni en að vera útataður í glingri. Til dæmis ef brúðguminn ætlar sér að vera með ermahnappa þá er algjör óþarfi að vera með stórt og þykkt armbandsúr. Slepptu bindisklemmuni ef þú ert með vasaúr og svo framvegis. Einnig eiga bindið og vasaklúturinn alls ekki að vera með sama mynstri, en skulu samt spila saman.“



30%

afsláttur ef keyptar eru 4 meðferðir

HÚÐIN

SUITUP

×

REYKJAVIK



SUITUP.IS | BOLHOLT 4



Þetta úr er herralegt og fallegt á hendi. Það er frá JS Watch Company Reykjavík og fæst hjá Gilbert úrsmið. Það kostar 307.000 kr.



Þetta blómaarmband er úr 18 kt gulli og hefur að geyma 64 demanta. Hver demantur er 0,22 kt. Armbandið er frá ítalska tískuhúsinu Gucci og kallast Flora. Það fæst hjá Michelsen og kostar 492.000 kr.

18 karata hringur úr hvítgulli. Hann er með 0,90 kt akvamarínsteini og 0,30 kt demöntum. Hann fæst í Gullbúðinni og kostar 269.000 kr.



Þetta hálsmen er frá CARAT London. Um er að ræða gullhúðað hálsmen með sirkonsteinum. Hálsmenið fæst hjá Michelsen og kostar 49.000 kr.



Tommy Hilfiger-úr með grænni skífu. Úr stáli og gengur fyrir rafhlöðu. Það fæst hjá Jóni og Óskari og kostar 40.000 kr.

Hringur með stjörnu úr demöntum er falleg gjöf. Um er að ræða 18 kt hvítgullshring með 0,43 kt demöntum. Hann fæst í Gullbúðinni og kostar 340.000 kr.



Hvernig væri að gefa ástinni listaverk í morgungjöf? Þetta verk er eftir Loja Höskuldsson og minnir töluvert á hjónabandið þegar fólk fer í gegnum súrt og sætt. Skrúbb og skúringar hitta hönnunarförur.

Glæsileg taska frá Barbour. Hún fæst hjá Kormáki og Skildi og kostar 39.900 kr.



Lengi hefur tíðkast að brúðgumi gefi nýbakaðri eiginkonu sinni morgungjöf. Með tíð og tíma hefur gildi þessarar gjafar breyst. Í dag eiga allir skilið morgungjöf. **Vera Guðrún H. Borg-hildardóttir** fjallaði um þróun brúðkaupshefða í lokaverkefni sínu til BA-gráðu í þjóðfræði fyrir tíu árum. Í ritgerðinni, „**Sumar hefðir eru skemmtilegar og gaman að virða þær, en aðrar kannski börn síns tíma**“, fjallar hún meðal annars um morgungjafir og voru þær ekki eins rómantískar og þær eru í dag. *Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is Marta María Winkel Jónasdóttir | mm@mbl.is*

Samið var um gjafir í kaupmálum en árið 1700 breyttist bekkjargjöfin í morgungjöf. Fékk brúðurin gjöf frá eignum sínum eftir að þau höfðu sofíð í sama rúmi. „Því má draga þá ályktun að með morgungjöf hafi brúðguminn upphaflega verið að borga fyrir meydóm konu sinnar,“ segir Vera Guðrún í ritgerð sinni. Kemur fram að morgungjöf hafi verið silfurgripur, fót eða peningar.

Fram kemur í ritgerðinni að ekki hafi verið algengt að brúðhjón gæfu hvort öðru brúðargjöf en morgungjöf var þó enn algeng. Morgungjöf gat þá verið armbandsúr, steinhringur eða hálsmen. Segir heimildarmaður að til sveita hafi jafnvel verið gefinn hestur, þótt það hafi líklega ekki verið á alla færi.

Þegar komið er fram á árið 2002 er morgungjöf enn við lýði en þó færri sem nefndu það en 1992. Skartgripir voru enn vinsælir. Sú nýbreytni varð í kringum aldamót að brúðgumi fékk einnig morgungjöf.

Þegar komið er fram í nútímann segjast viðmælendur Veru Guðrúnar ekki leggja mikla áherslu á morgungjöf. „Engir viðmælenda minna gáfu hvor öðrum morgungjöf,“ segir Vera Guðrún sem ræddi við brúðhjón, aðeins ein kona hugsaði út í það. Er það mat hennar að síðurinn hafi ekki fest sig í sessi.

Á að gefa morgungjöf?

Þótt hefðin sé ekki lengur eins og áður er um að gera fyrir verðandi brúðhjón að gefa hvort öðru morgungjöf. Gjöfina má gefa morguninn eftir en líka fyrir athöfnina. Það er fátt skemmtilegra en að bera fallegan skartgrip á daginn sjálfan frá nýbökudum eignum eða eiginkonu. Hér má finna nokkrar góðar hugmyndir.

Svart klassískt leðurbelti er góð gjöf. Það er frá Boss og fæst í Herragarðinum. Það kostar 19.980 kr.



Saint Laurent-smellueyralokkar eru klassískir og fágaðir. Þeir fást til dæmis á Net-a-porter.com og kosta 96.000 kr.



Demantseyralokkar eru góð gjöf. Þessir eru úr 14 kt gulli með 0,05 kt demöntum. Eyralokkarirnir fást hjá Michelsen og kosta 98.000 kr.



Góður stóll er lífs-tíðareign. Þessi stóll er frá VIPP og fæst í Epa. Hann kostar 161.000 kr.

Morgungjöf öðlast nýja þýðingu

LANCÔME

PARIS

La vie est belle



NÛR
ROSE EXTRAORDINAIRE

SENSAI

THE SENSE AND SCIENCE OF JAPAN 三

SILKILJÓMI MEÐ HINU FULLKOMNA PÚÐRI

Við höfum endurnýjað TOTAL FINISH sem rennur nú fullkomlega saman við húðina. Sérmeðhöndlaðar púðuragnir mýkja og veita húðinni jafnara yfirbragð með þægilegum raka sem stuðlar að léttari þekju og náttúrulegum, heilbrigðum ljóma. Fersk, jöfn og geislandi áferð sem endist út daginn. SILK SKIN er þín húð, einfaldlega enn mýkri og jafnari.





Það er grunnatriði að hreinsa húðina vel. Hydrating Cleanser frá CeraVe er góður kostur. Túpan fæst meðal annars í vefverslun Heimkaupa og kostar á fullu verði 1.859 krónur.

Brúðkaupshúðin

Nokkur einföld skref geta umbreytt húðinni á nokkrum vikum og því er ráð að byrja að huga að því í tíma fyrir stóra daginn. Mikilvægt er að nota húðvörur sem næra, styrkja, mýkja og vernda húðina.

1. Hreinsir Hreinsaðu húðina daglega. Með reglulegri hreinsun kemst húðin í betra jafnvægi og heildarútlit verður jafnara, frísklegra og heilbrigðara. Eins má koma í veg fyrir inngróin hár á skeggsvæði og bólumyndun með hreinsun.

2. Serum Berðu serum á hreina húðina fyrir hnitmiðaða virkni.

3. Augnkrem Berðu augnkrem á augnsvæðið en það er það svæði sem sýnir fyrst einkenni öldrunar.

4. Andlitskrem Endaðu á að bera andlitskrem á húðina fyrir raka, mýkt og vörn yfir daginn. Við þrítugsaldur dregur úr kollagenframleiðslu í húð sem gerir það að verkum að finar línur myndast.

5. Aukastig Við þessa daglegu rútinu má svo bæta aukaskrefum daglega eða einu sinni til tvisvar í viku fyrir aukna virkni, raka, mýkt og ferskleika. Sem dæmi er sniðugt að bæta við raka- og vítamínmaska tvisvar til þrisvar í viku fyrir stóra daginn. Fyrir aukinn ferskleika á stóra deginum er hægt að bæta við nokkrum dropum af brúnkuaukandi serumi.

Biotherm Aquapower-augnkremið kælir og frískar herrann fyrir brúðkaupsdaginn. Það hjálpar einnig við að draga úr baugum. Augnkremið fæst í Hagkaup og kostar 4.199 krónur.



Andlitskremið Kiehl's Ultra Facial gefur góðan raka. Kremið fæst í Hagkaup og kostar 3.990 krónur.



Kiehl's Ultra Pure-serum örvar endurnýjun húðar og viðheldur raka fyrir þetta, heilbrigða og rakafyllta húð allan daginn. Serumið fæst í Hagkaup og kostar 5.499 krónur.



Það fer vel með húðina að nota maska af og til. Þessi maski er frá íslenska merkinu Bioeffect. Maskarnir koma sex í pakka og kosta 9.950 krónur á heimasíðu Bioeffect.

Biotherm Aqua-Gelée brúnkuaukandi rakaserum gefur brúðgum-anum fallett útlit. Brúnkuvaran fæst í vefverslun Lyfju og kostar 5.549 krónur.



Unsplash

Í toppmálum á brúðkaupsdaginn

Það fyrsta sem brúðgumar gera fyrir brúðkaupsdaginn er yfirleitt að kaupa jakkaföt. Það þarf þó að gera meira en það fyrir brúðkaup. Allir aukahlutir þurfa vera á sínum stað fyrir stóra daginn. Eins þarf húðin að vera í fullkomnu standi og þá dugar ekki bara vatn og þvottapoki um morguninn.



Glansandi finir skór eru nauðsynlegir á brúðkaupsdaginn. Þessi skóaburður er frá franska merkinu Saphir en Frakkar eru þekktir fyrir að vera fremstir á flestum sviðum lífsins. Áburðurinn fæst í Suitup og er fullt verð 2.995 krónur.



Best er að vera í nýjum nærbuxum á stóra deginum. Það er ekki bara það sem gestirnir sjá sem skiptir máli. Þessar ástarbrækur eru frá Calvin Klein, þær fást á vef NTC og kosta 5.995 krónur.

Það er mikilvægt að vera í nýjum og flottum sokkum þegar gengið er í hjónaband. Þessir finu sokkar eru frá Barbour. Sokkarnir fást í Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar og kosta 2.900 krónur.



Það er nauðsynlegt að vera með fallett bindi á brúðkaupsdaginn. Þetta vínrauða bindi frá Mont fæst í Herragarðinum og kostar 9.980 krónur.

Mótunarefni frá Bed Head sem hentar sérstaklega vel stuttu hári. Það gerir það að verkum að herrar elska það. Efnið fæst í Hagkaup og kostar 3.499 krónur.



Ilmaðu vel á brúðkaupsdaginn. Þessi bergamóilmur frá Le Labo er ferskur og sætur og fullur af munúð. Ilmurinn hentar öllum kynjum. Hann fæst í Mikado og kostar 35.490 krónur.

Herrar elska að nota saltsprey í hárið áður en þeir móta hárið þar sem það verður meðfærilegra. Þetta sprej er frá Maria Nila. Það fæst á vef Hárlands og kostar 5.190 krónur.



Við viljum vera hluti af því að gera upplifun þína að dásamlegustu stund lífs þíns sem eftirminnilegasta

Njóttu þess að láta dekra við þig í róandi og þægilegu umhverfi þar sem hugur, líkami og andi verða endurnærð.



FEGURÐ & SPA

Glæsibær, Álftheimar 74 - Sími 831 5676 - www.noon.is/fegurdogspa



Glæsilegt úrval af jakkafötum



VERSLUN

GUÐSTEINS

SÍÐAN 1918

ÁRMÚLA 11, 108 REYKJAVÍK • SÍMI 551 4301

„Þetta var einn besti dagur lífs okkar“



Ljósmynd/Elisabet Blöndal

Hjónin **Agnar Friðbertsson** og **Eva Rakel Jónsdóttir** gengu í hjónaband í Háteigskirkju og héldu eftir það sveitaveislu í Kjós. Dagurinn var fullkominn í alla staði en eitt það fyrsta sem Agnar og Eva Rakel ákváðu þegar þau trúlofuðu sig árið 2018 var að fá Helgu Brögu Jónsdóttur til að stýra veislunni.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Eva Rakel sem er 32 ára starfar í tekjustýringu hjá Icelandair en Agnar sem er 35 ára er hljóðupptökustjóri í kvikmyndagerð. Ástin kviknaði hins vegar þegar þau voru ekki búin mennta sig fyrir framtíðarstörf sín og störfuðu í Levi's-búðinni. „Við tókum smátíma í að kynna en vorum formlega orðin þar nokkrum mánuðum seinna. Við fluttum í ár til London árið 2013, og búum núna í þriðju íbúðinni okkar í Hlíðunum í Reykjavík. Við eigum tvö yndisleg börn, stúlku fædda 2018 og dreng fæddan 2020,“ segir Eva Rakel.

Agnar og Eva Rakel trúlofuðu sig þegar yngri barn þeirra var sex mánaða. „Hann fór á skeljarnar í fjölskyldufrí á Flórída. Það kom mér mjög mikið á óvart þegar hann fór á skeljarnar og bónonðið var einstaklega vel heppnað. Bónonðið var þannig að ég og dóttir okkar ásamt systur minni vorum að rölta í hverfinu og rákumst á svo fallega blómaskreytta rólu sem var líklegast skreyting úr brúðkaupi sem var í hverfinu kvöldið áður. Agnar ákvað að nýta tækifærið og skella sér á skeljarnar þegar ég hélt að værum bara að fara að taka mynd með dóttur okkar. Við vorum svo einstaklega heppin að foreldrar mínir náðu þessu öllu á mynd enda hélt ég að tilefnið væri ekkert annað en smá myndataka í fallettri rólu með dóttur okkar,“ segir Eva Rakel um bónonðið.

Agnar og Eva Rakel fengu frábæran og sólríkan dag þegar þau giftu sig í fyrra.



„Við vorum alltaf ákveðin í því að láta ekki of langt líða frá trúlofun til brúðkaups. Hins vegar kom drengurinn okkar nokkuð óvænt til okkar um vorið 2020. Við vildum heldur ekki eiga of ung börn þegar við myndum loksins halda brúðkaup. Okkur fannst við fyrst tilbúin til þess þegar drengurinn okkar var að verða þriggja ára, árið 2023. Okkur hefur alltaf langað að halda stórt og flott brúðkaup og að okkar mati hálfnaðsynlegt þegar fólk hefur eignast börn og íbúð saman. Við vorum ekki gift fyrir eins og margir velja að gera. Mér leið eins og ef við hefðum gift okkur hjá sýslumanni og lofað veislu seinna þá hefði ekkert endilega orðið úr því þannig að við skelltum okkur bara í það að gifta okkur og halda veisluna strax og sjáum sko alls ekki eftir því, þetta var einn besti dagur lífs okkar.“

Bæði borgar- og sveitabruðkaup

Eva Rakel segir að augljós ástæða hafi legið fyrir því að þau Agnar gengu í hjónaband í Háteigskirkju. Þau búa við hliðina á kirkjunni og þykir kirkjan einstaklega falleg.

„Ég vildi hafa athöfnina nokkuð persónulega og fékk vinkonu mína Grétu Morthens til þess að syngja tvö falleg lög í athöfninni. Hún söng lögina Með þér eftir Bubba Morthens og Stand by me. Það var ótrúlega dýrmætt að giftast ástinni minni, horfa yfir kirkjuna og sjá alla sína nánustu á meðan besta vinkona mín söng falleg lög, stund sem ég gleymi aldrei. Eftir athöfnina gengum við út og allir gestirnir tóku á móti okkur í tröppunum á meðan heyrðist í kirkjubjöllunum. Við keyrðum síðan burt á gulum þaklausum fornblí og vinkuðum öllum og sólin skein, við vorum svo heppin að fá dásamlegt veður,“ segir Eva Rakel um athöfnina.

Á sama tíma og hjónin giftu sig í uppáhaldskirkjunni sinni í borginni fór veislan fram uppi í sveit. Eftir athöfn var haldið upp í Kjós þar sem veislan fór fram í félagsgarðinum Dreng í Kjós.

„Við völdum þann stað vegna þess að við höfðum sjálf farið í brúðkaup þar áður og vorum mjög heilluð af húsinu og náttúrunni í

Er húðin tilbúin í stóra daginn?

Við bjóðum upp á ráðgjöf og meðferðir fyrir brúðhjón svo húðin verði upp á sitt besta á brúðkaupsdaginn.



timabokun@hls.is
s: 520-4444



Mæðgurnar höfðu sig til saman en frumburðurinn var klædd í hvítt í stíl við móður sína.



Kjólinn fann Eva Raket óvænt í Bandaríkjunum. Hann var látlaus að ofan en með fallegu og góðu pilsu.



Þórdís Zophía gerði brúðarvöndinn og blómaskreytingarnar.



Agnar hafði sig til heima á meðan Eva Raket fór í hárgreiðslu og förðun.



Hjónin giftu sig í Háteigskirkju en þau búa í nágrenninu.

Ljósmynd/Elísabet Blöndal

kring. Við erum samt bæði frekar mikil borgarborn og förum skammarlega lítið út fyrir Reykjavík, en okkur fannst samt báðum eitthvað svo ótrúlega heillandi að halda sveita-brúðkaup. Við höfðum smátíma á milli athafnar og veislunnar eða um einn og hálfan tíma svo að gestirnir gætu komið sér á staðinn í rólegheitum," segir Eva Raket. Hún segir að fólk hafi ýmist gisti í bústöðum nálægt veislusalnum, tjaldað á tjaldstæði fyrir framan veislugarðinn auk þess sem þau hafi boðið upp á tvær rútuferðir eftir miðnætti fyrir gesti sem vildu fá sér í glas en kusu að gista í bænum.

Það elska allir Helgu Brögu

Pegar gestir mættu í veisluna var boðið upp á súkkulaðihúðuð jarðarber og pro-secco. Í veislunni sjálfri var boðið upp á þriggja rétta máltíð. „Í forrétt buðum við upp á nokkra smárétti á disk, í aðalrétt buðum við upp á íslenska nautalund og lamba rib-eye ásamt meðlæti. Í eftirrétt voru litlar bollakökur, franskir súkkulaðikökubitar og litlir sítrónutart-bitar frá 17 sortum. Við fengum þá sem leigðu okkur salinn til að sjá um matinn í veislunni fyrir utan eftirrétt. Það var hárrétt ákvörðun, miklir fagmenn þar á ferð sem unnu matseðilinn einstaklega vel með okkur. Á miðnætti buðum við upp

á trufluparmesanfranskar sem vöktu mikla lukku hjá gestum. Ég mæli eindregið með miðnætursnarli.“

Helga Braga Jónsdóttir var veislustjóri í brúðkaupsveislunni en það var eitt það fyrsta sem hjónin ákváðu eftir að þau trúlofuðu sig árið 2018. „Við þekkjum hana hvort úr sinni áttinni, ég vann með Helgu sem flugfreyja hjá WOW air og Icelandair, en Aggi vinnur í kvikmyndagerð og hefur margoft unnið með Helgu í allskonar verk-efnum. Okkur fannst því kjörið að hafa hana sem veislustjóra þar sem hún þekkir okkur og það elska auðvitað allir Helgu Brögu," segir Eva Raket.

„Við fengum Valdmar söngvara til þess að taka nokkur lög milli rétta sem var alveg dásamlegt, hann er með svo ljúfa rödd og er í einstöku uppáhaldi hjá okkur báðum. Einnig voru nokkrir vinir okkar og fjölskyldumeðlimir með ræður og skemmtiatriði sem komu okkur hjónunum skemmtilega á óvart. Eftir matinn tók Þórunn Antonía sem var gestur í brúðkaupinu tvö lög til að keyra partíð í gang. Emmisjé Gauti kom síðan og tókum við fyrsta dansinn sem hjón við lagið Klisja. Það var einstaklega vel heppnað og stund sem við gleymum aldrei. Hann hélt síðan uppi stuðinu eitthvað áfram og síðan hélt DJ-inn hans partínu áfram fram á nótt. Það var einstaklega heitt þetta júlíkvöld og voru gestirnir okkar mikið fyrir utan veislugarðinn að blanda geði hvert við annað sem var akkúrat það sem við vildum," segir Eva Raket.

Fann draumkjólinn í Orlando

Eva Raket var með nokkuð ákveðna hugmynd um hvernig kjól hún var að leita að en hana langaði að gifta sig í síðerma kjól með flegnu hálsmáli.

„Ég var einnig mjög tímanlega í að finna kjól en ég fann hann óvænt í brúðarkjólubúð í Orlando. Ég fór í gamni með mömmu minni í tvær búðir í Orlando. Í fyrri búðinni sem ég fór í fann ég ekkert í áttina að því sem ég var að leita að en í seinni búðinni sem við förum í fann ég draumkjólinn minn alveg óvænt. Um leið og ég mátaði hann vissi ég að þetta væri kjóllinn minn. Það vildi svo heppilega til að hann var akkúrat í minni stærð. Við vorum í um 40 mínútur inni í búðinni og löbbaðum út með kjól. Þetta var einstaklega óvænt og skemmtileg upplifun," segir Eva Raket.

Agnar fékk fötin sín í Suitup. „Við vildum fá ljós og sumarleg jakkaföt. Við förum í búðina og fengum toppþjónustu frá Agli sem er annar eigandi Suitup. Við upplifðum okkur bæði í mjög öruggum höndum hjá honum, algjör fagmaður fram í fingurgóma.“

Fagfólkið fullkomnaði daginn

Eva Raket segir það hafa verið ómissandi að hafa góðan ljósmyndara og blómaskreyti. „Ég fékk hana Þórdísi Zophíu blómaskreyti til að hjálpa mér með skreytingar í salnum, með blómvönd, blómakransa, barmblóm. Ég mæli eindregið með því að ráða fagmann til að skreyta salinn. Ég ætlaði mér að gera það sjálf fyrst enda mikil blómakona og taldi mig vel



Eva Raket skipti um kjól um kvöldið og frábært tónlistarfélag hélt partíinu gangandi fram á nótt.



Hjónin keyrðu nýgift úr brúðkaupinu á glæsilegum fornbíl. Eftir athöfnina fóru allir upp í Kjós þar sem veislan fór fram.



Helga Braga sló í gegn sem veislustjóri.

geta það, en eftir smá umhugsun gat ég ekki hugsað mér að vera í stressi að skreyta, gera og græja kvöldið fyrir stóra daginn. Það var mjög þægilegt að fara heim snemma kvöldið áður og ná smá slökun fyrir svefninn. Hún sá til þess að salurinn væri einstaklega fallegur og var fram á kvöld að græja lokaatriðin. Það var hverrar krónu virði að fá aðila til að sjá um þessa hluti ásamt því að koma með blóm-vönd, blómahárkransa og barmblóm til okkar á sjálfan brúðkaupsdaginn," segir Eva Raket.

„Einnig mæli ég með að velja ljósmyndara vel fyrir stóra daginn. Við fengum Elísabetu Blöndal ljósmyndara, og ég gæti ekki verið ánægðari með myndirnar sem hún tók af okkur. Það eru mjög margir færir ljósmyndarar á Íslandi, en með ólík-an stíl. Veldu einhvern sem tekur myndir sem tala til þín, hittu ljósmyndarann áður og ákveðið hvar myndatakan á að fara fram og hvernig myndir þið viljið leggja áherslu á.

Annað sem ég mæli með er að þiggja þá aðstoð sem býðst, það voru margir sem hjálpuðu okkur dagana fyrir brúðkaup að græja hitt og þetta, sem við vorum óendanlega þakklát fyrir. Ég mæli einnig með að hafa tæknimann á svæðinu, einhvern sem annaðhvort er gestur eða kunningi sem er í veislunni og græjar tæknilega hluti fyrir ræður, tónlistaratriði og þess háttar. Það getur ýmislegt komið upp og þá er gott að hafa fyrirfram ákveðinn aðila til að græja.“

Er þakklát veðurguðunum

Kom eitthvað á óvart á brúðkaupsdaginn?



Dóttir Agnars og Evu Rakelar var sex mánaða þegar bónonrðið kom. Sonur þeirra bættist í fjölskylduna áður en þau létu verða að því að gifta sig.

„Í rauninni ekki, það gekk allt eins og í sögu eins klisjulega og það hljómar. Ég var búin að vera mjög stressuð með veðrið dagana og nokkrum vikum fyrir daginn, og skoðaði veðurspána líklega 30 sinnum á hverjum degi. Ég veit vel að veðrið er eitthvað sem maður stjórnar ekki og dagurinn getur verið dásamlegur þótt veðrið sé ekki gott. En ég varð gjörsamlega heltekin af því að fá fínt veður, og það rættist svo heldur betur. Dagurinn var einn sá heitasti þetta sumar og á tímamarki var eiginlega of heitt í veislusalnum. Ég verð ævinlega þakklát veðurguðunum fyrir þennan dag. Ég var einnig mjög stressuð fyrir því að ná ekki að sofna af stressi fyrir stóra daginn en sem betur náði ég ágætis svefni og var svo einstaklega ánægð þegar ég vaknaði úthvíld og tilbúin í stóra daginn.“

Aðspurð segir Eva Raket erfitt að velja hvað stóð upp úr á brúðkaupsdeginum sjálfum og erfitt að velja eitthvað eitt. Stemningin, veðrið, veislustjórni, tónlistaratriðin, skemmtiatriði og ræður frá gestum. Allt!

Gekk allt upp eða var eitthvað sem þið hefðuð viljað gera öðruvísi?

„Kannski bara það að vera minna að stressa mig á hlutum sem ég get ekki stjórnað eins og veðri, og þótt það séu einhverjir smáhlutir sem maður vildi hafa gert öðruvísi þá var dagurinn heilt yfir svo vel heppnaður að ég velti mér ekkert upp úr því.“

Eruð þið með ráð fyrir verðandi brúðhjón?

„Að njóta undirbúningsins. Á tímamarki hlakkaði ég mjög til þess að „klára þetta“. En núna í dag sakna ég þess mjög mikið að vera skoða blóm, brúðarkjóra, boðskort, skreytingar, hárgreiðslur, förðun á Pinterest og ákveða hitt og þetta. Ég hlakka til að hjálpa vinkonum mínum sem eiga eftir að gifta sig í ferlinu þeirra. Þetta getur verið stressandi ferli að plana brúðkaup en njótið þess líka,“ segir Eva Raket að lokum.

sersaumur.is

SÉRSAUMSDAGAR
22. - 29. APRÍL

20% afsláttur af öllum sérsaumi frá
Herragarðinum og Stenströms

fierra
GARÐURINN
sérnaumur



Morgunmatur!

Mikil vindrykkja fylgir oftast gæsun og steggjun. Það hefur aldrei þótt sniðug hugmynd að drekka á tóman maga. Það er tilvalið að byrja daginn á góðum dögurði áður en vinnuhópurinn fer að hella í sig.



Baðlón!

Ef dagurinn á umfram allt að vera notalegur er sniðugt að skella sér í baðlón saman. Nóg er í boði. Það er til dæmis hægt að fara í Sky Lagoon, Hvammsvík, Skógarböðin, Secret Lagoon eða Laugarvatn Fontana, svo eitthvað sé nefnt.



Varist áhættu!

Þegar fjör færast í leikinn getur verið gott að sleppa öllum áhættuþróttum og áhættumat því nauðsynlegt. Það vill enginn bera ábyrgð á því að gæsin endi daginn uppi á slysadeild eða brúðguminn gangi í það heilaga í gífsi. Ekki skipuleggja fallhlífarsökk eftir mikla drykkju – svo ekki sé talað um að henda steggnum út í sjó og skilja hann eftir.



Út úr bænum!

Það er tilvalið að enda kvöldið uppi í bústað, það er yfirleitt einn bústaður í stórvinahópnunum. Þar er hægt að grilla eða taka með sushi og eiga notalegt kvöld saman og jafnvel fara í pottinn. Kostnaðurinn er ekki svo mikill og helgin verður betri og lengri. Daginn eftir vakna allir saman og hlæja yfir rugli gærdagsins.

Að gera stegginn eða gæsina að fífl!

Það þarf að meta vandlega þennan dagskrárlíð enda hafa skipuleggjendur ekki alltaf sömu væntingar til dagsins og steggurinn eða gæsin. Vinsældir þess að klæða menn upp í Borat-sundskýlu á Laugaveginum eða senda gæsir drukknar í Kringluna að óska eftir smokkum eru ekki jafnmiklar og áður. Maður er þó manns gaman og getur verið ódýr leið að senda verðandi brúði eða brúðguma í fiflagang í hálf tíma ef líklegt er að viðkomandi hafi húmor fyrir slíku.



Ekki skila gæsinni áfengisdauði heim eða steggnum heim í gífsi!

Það er orðin hefð að gæsa og steggja vini sem eru að fara að gifta sig, eins amerískt og það þótti fyrir einhverjum árum. Það er hægt að gera margt skemmtilegt yfir daginn sem allir hafa gaman af. Gott er að hafa í huga að það eru ekki allir til í að taka smálán fyrir deginum, auk þess sem nokkrar hættur ber að varast þegar dagurinn er skipulagður.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is



Kostnaður!

Komið ykkur saman um upphæð og skipuleggið daginn út frá því. Það er hægt að lágmarka kostnaðinn með því að sleppa því að bóka rútu og bílstjóra. Góðir vinir sem ætla að vera á bíl geta þar með keyrt hópinn á milli. Það þarf heldur ekki rútu ef dagskráin fer fram í einu póstnúmeri. Í staðinn fyrir að fara út að borða um kvöld er hægt að borða heima. Oft er heimatilbúin dagskrá skemmtilegri en aðkeypt þjónusta. Í vinnuhópnunum leynist líklega einn verkefnastjóri, annar excel-sníllingur, einn tónlistarmaður og einn bakari. Nýtið fjölbreytileikann í vinnuhópnunum og sparið peninga!



Sopateljari!

Stundum er keypt sterkt vín fyrir aðalpersónu dagsins. Steggurinn og gæsin eru látin drekka við ýmis tilefni. Það getur verið ágætis regla að einhver einn haldi utan um þennan lið í staðinn fyrir að þrír mæti með flösku og allt í einu er steggurinn eða gæsin dái afengisdauða fyrir kvöldmat.



Danstími

Það er gaman að fara í danstíma og engin krafa um grunntækni eða liðleika. Í danstímanum taka allir þátt og ekki ofuráhersla á stegginn eða gæsina. Margrét Erla Maack dansdrottning er ein af þeim sem taka að sér að kenna gæsa- og steggjahópnum. Hún mælir með að farið sé í danstíma snemma að deginum. Eftir klukkan fjögur er fólk orðið of „sósað“ eins og hún orðar það á heimasíðu sinni. Hefur hún lent í því að gæs hefur dáið afengisdauða á meðan vinkonurnar fóru í danstímann.



Veljið þema!

Það hristir hópinn saman að vera með þema. Gæsin eða steggurinn þarf að klæðast áberandi fatnaði. Það gerir daginn enn skemmtilegt ef vinirnir eru í stíl við þemað. Þemað getur tengst áhugamáli eða einhverju úr æsku. Enn og aftur þarf þemað ekki að kosta mikið – kannski er nóg að allir vinirnir mæti í hvítu eða bleiku.

Þú færð dressið fyrir brúðkaupið í Curvy

Mikið úrval í stærðum 42-60

Pantaðu í netverslun www.Curvy.is
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy 



Alexia Maxi kjóll
Stærðir 40-52
16.990 kr



Ami kjóll frá Kaffe Curve
Stærðir: 42-54
10.990 kr



Sia Kjóll
Stærðir 42-56
14.990 kr



Swirl Pocket kjóll
Stærðir 44-52
10.990 kr



Catherin Sugar kjóll
Stærðir: 42-60
11.990 kr



ER BRÚÐKAUP Í VÆNDUM?

Við hjálpum þér að
finna réttu gjöfina



Skannaðu kóðann til
að sjá fleiri brúðkaups-
gjafahugmyndir



KITCHENAID
Artisan 175 hrærivél



FLEIRI
LITIR Í
BÓÐI

119.995

DREKKUR ÞÚ
NÓG VATN?



AGA
Exclusive kolsgrutæki



FLEIRI
LITIR Í
BÓÐI

24.995



NINJA
Auto-iQ

24.995

GEFUR ÞÚ
MAKA ÞÍNUM
MORGUNJÖF?

elko.is/brudkaup



DE'LONGHI
Dedicca espressóvél

39.995



SAGE
Barista Express

119.995

EIGÐU FULL-
KOMINN HÁRDAG
Á STÓRA DAGINN



SHARK
FlexStyle hármótunartæki

59.990



RE.
Luxury fótanuddtæki

54.995



ROBOROCK
S8 ryksuguvélmenni

109.990

ELKO

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana

NÝTT LISTAVERK Á HVERJUM DEGI

Með Samsung Frame
snjallsjónvarpi



FLEIRI
STÆRDIR
Í BODI

SAMSUNG
55" The Frame
QLED sjónvarp (2023)

249.995

SKJÁVARPI FYRIR VEISLUNA OG KÓSÝKVÖLDIN



SAMSUNG
The Freestyle 2 skjávarpi

159.995

UMGENNI SÝNIR INNRI MANN



DYSON
V12 Detect Slim
Absolute skaftryksuga

124.990

FULLKOMNAR GRÆJUR EÐA HEIMABÍÓ?



SONOS
Beam hljóðstöng

84.995

ALLAR MYNDIRNAR Í EINUM RAMMA



FLEIRI
STÆRDIR
Í BODI

DENVER
10,1" stafrænn myndarammi

15.995



SONOS
Era 100 hátalari

46.995

ALLT FYRIR BRÚÐKAUPS- NÓTTINA

elko.is/unadsvorur



FYRIR VEISLUNA OG UNDIR- BÚNINGINN



AGFAPHOTO
einnota myndavél

3.495




POLAROID
Now+ Gen 2

29.995



SOUNDBOKS
ferðahátalari

199.894



HOMBLI
ljósasería

13.895

Ævintýraleg brúðkaupshelgi á Vestfjörðum

Ævintýra- og útivistarhjónin **Ásta Karen Helgadóttir** og **Filip Polách** giftu sig á Vestfjörðum í ágúst í fyrra. Það var draumur þeirra beggja að halda lítið, einfalt og fallegt brúðkaup úti í íslenskrí náttúru.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | guðrunselma@mbl.is



Ásta Karen Helgadóttir og Filip Polách kynntust fyrir vestan og kom ekki annað til greina en að ganga í hjónaband þar.



Blómin tíndu þau sjálf.



Eftir hádegisverðarhlaðborðið hoppuðu brúðhjónin og veislugestir í sjóinn.

Ljósmynd/Víðir Björnsson



Brúðkaupsgestirnir komu saman og grilluðu á Flateyri á föstudagskvöldinu.

„Staðsetning brúðkaupsins var þannig í raun ákveðin á undan öllu öðru og allt annað hannað með það í huga að við gætum gift okkur á Vestfjörðum.“



Systkini Ástu voru veislustjórar og móðir hennar héltu ræðu í hlöðunni á Alvíðru.

Ljósmynd/Víðir Björnsson

Ásta og Filip höfðu vitað hvort af öðru í gegnum brimbretta- og fjallaskíðaiðkun sína áður en þau kynntust. „Fyrsta skiptið sem ég sá Filip var hann að koma upp úr sjónum eftir að hafa fengið brimbretti í andlitið og vinur hans keyrði hann upp á heilsugæslu til að fá nokkra sauma. Hann er með lítið ör fyrir ofan aðra augabrunina til að minna hann á daginn,“ segir Ásta um hvernig þau kynntust.

Bónorð á toppi Snæfellsjökuls

Ásta segir þau hins vegar hafa kynnst almennilega fyrir tilviljun á Flateyri sumarið 2020 en til að byrja með voru þau aðeins vinir. „Ég var í spontant helgarferð með nokkrum vinum, meðal annars góðum sameiginlegum vinum okkar Filips, og hann var þar með vini sínum að leita að öldum og íhuga að flytja á Vestfirði. Við hópurinn fylgdu með á tvo daga, elduðum saman, leituðum að öldum og kveiktum varðeld um kvöldið á ströndinni,“ segir Ásta. Í lok ágúst sama ár kviknaði neistin í fjallaskíðafarð á Snæfellsjökli. Tveir vinir höfðu óvænt hætt við að fara í ferðina og þau Filip voru bara tvö saman.

Einu og hálfu ári seinna bað Filip Ásta á toppi Snæfellsjökuls. „Þó að við hefðum rætt um það að gifta okkur, þá náði Filip virkilega að koma mér á óvart. Þegar við komum upp á topp eftir að hafa skinnnað upp í fjórar klukkustundir um hávetur, var svo kalt (örugglega -20°C með vindkælingu) að bónorðið gerðist mjög hratt og við urðum að flýta okkur að græja okkur og leggja af stað niður. Það tók mig því smástund að meðtaka hvað hafði gerst og ég held að ég hafi skíðað skælbrotsandi með tár í augnum alla leið niður.“

Ákváðu staðsetninguna fyrst

Ásta og Filip völdu að gifta sig á Vestfjörð-

um enda landshlutinn sem þau kynntust fyrst á og urðu vinir. „Filip var nýfluttur á Ísafjörð þegar við byrjuðum að hittast, en ég var þá nýbúin að kaupa sbúð í Reykjavík. Við vorum þó greinilega það hrifin hvort af öðru að við keyrðum á milli landshluta aðra hverja viku til að hittast,“ segir Ásta en í kórónuveirufaraldrinum átti hún þess kost að vinna heima og gat varið góðum tíma fyrir vestan með Filip, bróður hans Lucas og Nicole, kærustu Lucas en þau búa á Flateyri í dag.

„Staðsetning brúðkaupsins var þannig í raun ákveðin á undan öllu öðru og allt annað hannað með það í huga að við gætum gift okkur á Vestfjörðum. Það setti okkur líka þann ramma frá upphafi að skipuleggja lítið brúðkaup og hafa það heila helgi, þar sem margir gestir voru að koma langt að og við vildum vera viss um að við gætum hugsað vel um alla,“ segir Ásta en þau buðu 20 manns í brúðkaupið. Þeirra nánasta fólk fékk því gott tækifæri til að kynnst yfir helgina og brúðhjónin gátu notið sín vel. „Út af kórónuveirufaraldrinum og vegna þess að foreldrar okkar beggja bjuggu erlendis, mínir í Hollandi og Filips í Tékklandi, höfðu þau aldrei hist fyrir en viku fyrir brúðkaupið.“

Athöfn að heiðnum sið í Dýrafirði

Allir gestirnir komu sér á Flateyri á föstudeginum og þá hófust hátíðarhöldin. „Við byrjuðum á smá grilli í garðinum hjá Lukasi og Nicole. Þegar leið á kvöldið færðum við okkur mörg yfir á Vagninn, þar sem var karóikvöld. Sumir þurftu að drekka í sig meira hugrekki en aðrir en allir enduðu á að taka lagið, sem var ótrúlega skemmtilegt,“ segir Ásta.

Hjónin giftu sig í laugardeginum og fór athöfnin og hádegisverðarhlaðborð fram á



Það átti vel við að geyma hringana í falletti skei.

Alvíðru í Dýrafirði. „Dýrafjörður er ótrúlega magnaður fjörður, með falleg fjöll og hreinan sjó. Við höfum varið miklum tíma þar og erum svo heppin að hafa kynnst Árna, sem á Alvíðru í Dýrafirði ásamt systkinum sínum. Staðsetning þess er ein sú fallegasta á landinu, útsýni yfir tún, strendur, fjörðinn og fjöllin. Þar er gömul hlaða sem hefur verið nýtt áður í höll og tónleika, og er alveg ótrúlega skemmtilega innréttuð með gömlum húsgögnum, heimasmiðuðum listaverkum úr rekavið og alls konar öðru. Í huga okkar beggja var þetta alltaf hinn fullkomni staður til að halda brúðkaup, svo það kom eiginlega aldrei neitt annað til greina,“ segir Ásta.

„Athöfnin fór fram að heiðnum sið á fallettri hvítri sandströnd á Alvíðru fyrir hádegi. Við erum hvorugt trúuð, en okkur finnst tengingin við náttúruna, sem ásatrú heldur mikið upp á, mjög falleg. Filip hjálpaði goðanum að kveikja lítinn varðeld á ströndinni og svo stóðum við og allir gestirnir í kringum hann á meðan við vorum blessuð af guðnum og tókum að eiga hvort annað.“

Gestirnir hoppuðu í sjóinn með brúðhjónunum

Vinur þeirra Víðir Björnsson myndaði hjónin og brúðkaupsgestina eftir athöfnina. Eftir það var haldið af stað í hádegisshlaðborð í hlöðunni.

„Fólk fékk sér á diska og flestir settust svo

út á bekki eða í grasið, spjölluðu og nutu sín. Systkini mín voru veislustjórar og mamma hélt fallega ræðu. Ég var búin að undirbúa smá pub-quiz fyrir gestina um okkur Filip og mágur minn var spyrill. Við vorum þarna heillengi, en ég hafði viljandi ekki planað of mikið yfir daginn svo fólk gæti lagt sig eða tekið pásu eftir þörfum. Systir mín var með einn níu mánaða snúð með sér og mágkona mín var komin sex mánuði á leið svo ég vildi taka tillit til þeirra,“ segir Ásta.

„Á leiðinni aftur á Flateyri komum við við á Holtsbryggju til að hoppa í sjóinn og hressa okkur við eftir að hafa legið í sólinni allan eftirmiðdaginn. Ég er ótrúlega þakklát fyrir þá minningu og að hafa náð að plata svona marga úr hópnum með í þetta. Um kvöldið áttum við svo bókaðan kvöldmat á Vagninum. Þau gerðu rosalega fínan mat fyrir okkur og það var ofboðslega þægilegt að vinna með þeim og skipuleggja þetta. Pabbi minn og bróðir Filips sögðu nokkur orð og svo var okkur komið á óvart með spurningaleik um hversu vel við þekktum hvort annað. Svo var bara ennþá svo gott veður að við færðum okkur eftir kvöldmatinn aftur yfir í garð þeirra Lukas og Nicole. Við kveiktum lítinn eld, Elín vinkona okkar kenndi öllum gestunum dans, við skárum brúðkaupstertuna en það hafði gleymst um daginn og höfðum það gott þangað til seint um kvöldið.“

Sunnudagurinn var líka draumur

Veislan hélt áfram á sunnudeginum en þó með sama afslappaða yfirbragði og daginn áður. „Flestir sváfu út og tóku því rólega. Við áttum fullt af góðum afgangum frá deginum áður og þurftum því ekkert að elda. Fólk fór í göngutúra, hjólatúra, sund, kíkti í Bryggjukaffi, bókabúðina, eða á hjólabretti.



Veislugestir komu saman yfir helgina heima hjá bróður og mágkonu Filips á Flateyri.



Hjónin eru ekki trúuð en fannst við hæfi að gifta sig að heiðnum sig þar sem trúin er nátengd náttúrunni.

Ljósmynd/Víðir Björnsson



Fjölskyldan hjálpaðist að við að búa til matinn.

Ljósmynd/Víðir Björnsson



Ásta og Filip mættu með borðbúnað með sér vestur.



Það var mikið heimagerð þar á meðal glasamiðarnir.

Seinnipart dags vorum við búin að skipuleggja að fara aftur á ströndina við Holtsbryggju ef veður leyfði. Við tókum með teppi, hátalara, frískibísk, blautgalla og nokkur SUP-bretti og nutum þess að vera í lautarferð á ströndinni – á Íslandi! Þegar leið á kvöldið og fór aðeins að kólna og tándist fólk aftur yfir á Flateyri. Það var enginn vindur og sólin farin að síga aðeins. Við Filip og Elín sáum fullkomið tækifæri til að SUP-þa frá Holtsbryggju yfir á Flateyri í fyrsta skiptið. Við tókum sitt hvorn bjórninn í nesti, klæddum okkur í blautgalla og rerum yfir í rólegheitunum. Þetta var svo fallegt kvöld og sólin einmitt að setjast þegar við komum að Flateyri, þar sem fjölskyldan tók á móti okkur og hjálpaði okkur að halda á brettunum yfir í garðinn hjá Lukasi og Nicole.“

Skipulögðu sig vel og fönnduðu sjálf

Er flókið að skipuleggja brúðkaup?

„Ég var svolítið hrædd um að gleyma einhverju eða hafa ekki nóg af mat. Ég held að það sé mikilvægast að passa upp á að allar grunnþarfir fólks séu uppfylltar: vera með nóg af mat og drykk, passa að fólk hafi góðan stað til að gista, það sé gott aðgengi að salerni og tími fyrir rólegheit á milli dagskrárliða. Á Íslandi er líka sérstaklega mikilvægt að fólk fái kaffið sitt, og svo vorum við líka með ágætis magn af bjór og víni.“

Eftir nokkur skipulags- og fönndurkvöld til að undirbúa hluti heima vorum við Filip komin á Flateyri á fimmtudaginn fyrir brúðkaupið til að klára undirbúning, skreyta hlöðuna á

Alviðru, klára að græja matinn og kíkja á Vagninn.

Við sáum sjálf um mikið af matnum fyrir hádegislaðborðið, en svo aðstoðuðu fjölskyldur okkar okkur líka. Mamma mín kom með mjög gott salat, systir mín gerði avókadóidýfu, bróðir Filips og kærasta bókudu svo fallegt brauð, skreytt með grænmeti sem leit út eins og blóm, og síðast en ekki síst höfðu mamma og amma hans Filips bakað ótrúlega margar og fallegar tékkneskar smákökur. Við sjálf bökudum litla brúðkaupstertu sem var vegan-vanillukaka með smjörkremi, vegan-sítrónu-ostaköku frá Veganistum, gerðum annað stórt salat og fullt af hummusi.“

Er eitthvað sem er gott að hafa í huga þegar brúðkaup fer fram fjarri heimilinu?

„Það þarf að telja allt vel! Ég var búin að telja allt leirtauið sem ég tók með margoft en hafði ekki tekið með alveg nógu mikið „auka“.

Sem betur fer gat ég fengið nokkra kaffibolla og teskeiðar lánaðar, svo það gekk allt upp á endanum. Þar sem það er engin stór matvöruverslun á Flateyri og ekki alltaf hægt að fá allt á Ísafirði, var líka mikilvægt að taka með megnið af matnum.“

Prjónaði brúðkaupspeysuna sjálf

Hvernig gekk að finna fót fyrir stóra daginn?

„Það gekk hálfefriðlega hjá mér. Ég hefði hugsanlega leigt kjól, en það er engin

„Við vildum líka hafa allt sem umhverfisvænst og ekki taka þátt í neinni ofneyslu.“

brúðarkjólaleiga lengur á landinu! Þess vegna ákvað að kaupa einfaldan hvítan kjól á netinu, en lenti í því að pantanir misheppnuðust á einhvern hátt tvisvar, áður en þriðja tilraunin heppnaðist loksins. Ég fann ótrúlega fallegan og þægilegan kjól. Mamma hjálpaði mér að aðlaga hann aðeins og taka ermarnar af. Svo, af því við búum á Íslandi, prófaði ég að prjóna hvíta peysu sem myndi passa yfir kjólinn, og ég var mjög ánægð með útkomuna hjá mér! Ég var í peysunni eiginlega allan daginn. Filip hefur hannað fót við og við í mörg ár, og því kom ekkert annað til greina fyrir hann en að láta sérsauma á sig jakkaföt í Tékklandi. Hann valdi fallegan blágrænan lit og allt smellpassaði á hann.“

Ekkert einnota skraut og heimatilbúnaðar veitingar

Öll brúðkaupshelgin endurspeglaði fyrir hvað þau Ásta og Filip standa, allt frá vali á staðsetningu yfir í borðbúnað og veitingar.

„Náttúran á þessum stöðum er okkur ótrúlega dýrmæt og það var ógleymanlegt að fá tækifæri til að deila þeim með okkar kærasta fólki. Sýna þeim fjöllin og firðina sem við elskum. Það var algjör gjöf að geta verið svona mikið úti alla helgina og hvað allt var fallegt. Við þorðum auðvitað ekki

að gera ráð fyrir svona góðu veðri, svo það var ógleymanlegt að geta haldið

athöfnina á hvíttri strönd,

berfætt í sólinni. Við erum hvorugt mikið fyrir að vera miðpunktur athyglinnar, svo við vildum hafa afslappaða stemningu og einbeita okkur að því að njóta gæðastunda með nánasta fólkinu okkar. Markmiðið mitt var að fá sem flesta til að hoppa út í sjó og það tókst!

Við vildum líka hafa allt sem umhverfisvænst og ekki taka þátt í neinni ofneyslu. Við vorum mestmegnis með heimatilbúning og að miklu leyti veganmat og ég kom með fallegt leirtau að heiman og fjárfesti í tauservíttum til að geta notað fyrir veisluna – og fleiri veislur í framtíðinni. Við notuðum ekkert einnota plasticskraut, ég hafði fönndrað smá pappírskraut með nöfnum gestanna til að merkja glös og bolla, svo tándum við blóm í vasa og hengdum upp skraut sem er hægt að nota aftur. Ég pantaði kökuskraut með nöfnunum okkar Filips hjá Partybúðinni fyrir brúðkaupstertuna, og það var það eina.“

Hvað stóð upp úr að ykkar mati?

„Ég er svo þakklát fyrir það að hafa náð að njóta sjálf alla helgina! Að það var ekki mikið stress, allt var vel skipulagt, og svo að við vorum svona ótrúlega heppin með veður! Allir gestirnir voru líka í svo góðu skapi, afslappaðir, hjálpsamir og til í allt! Þrátt fyrir smá tungumálaörðugleika, þá var líka magnað að sjá foreldra okkar og fjölskyldur tengjast og finna kærleika sem ríkti á milli allra,“ segir Ásta að lokum.



Ljósmynd/Víðir Björnsson



Dalaostar

og þá er veisla!



Sigríður Erla Sturludóttir og Bjarki Vigfússon á brúðkaupsdaginn sinn hinn 30. desember. Ásthildur Bára dóttir þeirra er í fangi föður síns og Lilja Sigríður Hafþórsdóttir, systurdóttir Sigríðar Erlu, leiðir frænku sína.



Allt verður skýrara og fallegra

Sigríður Erla Sturludóttir lögfræðingur og **Bjarki Vigfússon** hagfræðingur gengu í hjónaband 30. desember síðastliðinn. Þau miðluðu málum þegar kom að brúðkaupinu en hún sá fyrir sér 200 manna veislu á Búðum á meðan hann sá fyrir sér eitthvað lítið og látaust. Þegar veikindi komu upp í fjölskyldunni ákváðu þau að giftast sem fyrst og skipulögðu brúðkaup á met tíma. Dagurinn var töfrum líkastur því allir lögðust á eitt til þess að gera hann sem bestan.

Marta María Winkel Jónasdóttir | mm@mbl.is

Sigríður Erla og Bjarki voru búin að vera par í fimm og hált ár þegar þau giftu sig í Dómkirkjunni. Sigríður Erla segir að Tinder hafi leitt þau saman. Þetta fyrsta og eina Tinder-deit þeirra beggja gerði það að verkum að þau þurftu ekki að fara á fleiri deit því þau höfðu fundið hvort annað.

„Við könnuðumst hvort við annað áður en Tinder leiddi okkur saman eins og svo mörg önnur pör aldamótakynslóðarinnar. Fyrsta og eina Tinder-stefnumótið sem við bæði fórum á heppnaðist líka svona vel,“ segir Sigríður Erla og brosir.

Vissir þú strax að hann væri sá rétti?

„Ég var í það minnsta kosti ekki lengi að komast að því enda höfum við verið nánast óaðskiljanleg frá því við hittumst á fyrsta stefnumótinu,“ segir hún.

Teiknaði myndir af brúðhjónum og hannaði brúðarkjóra

Sigríður Erla er alin upp á Snæfellsnesi en faðir hennar, Sturla Böðvarsson, var bæjarstjóri í Stykkishólmi um tíma. Brúðkaupsleikir voru í uppáhaldi þegar hún var lítil stelpa og móðir hennar, Hallgerður Gunnarsdóttir lögfræðingur, hafði saumað brúðarslör fyrir hana úr gamalli gardínu til þess að gera leikinn skemmtilegri.

„Ég hafði alltaf séð fyrir mér stórt brúðkaup á Snæfellsnesi, helst á Hótel Búðum! Ég teiknaði endalaust margar myndir af brúðhjónum og brúðarkjólum þegar ég var yngri, hannaði brúðarkjóra úr lökum og setti á mig blúndugardínu sem mamma hafði saumað fyrir slör. Síðan var brúðarmarsinn spilaður í græjunum og pabbi látinn ganga með mér inn

Hann vildi látaust brúðkaup en hún vildi risabrúðkaup. Úr varð um 100 manna brúðkaup og var veislan haldin í Ásmundarsal.



stofugólföld og mamma stundum fengin til að vera presturinn, hvort það hafi verið brúðgumi man ég hins vegar ekki! Svo brúðkaup hafa alltaf verið mér ofarlega í huga,“ segir Sigríður Erla og hlær.

Hátíðlegt að giftast á milli jóla og nýárs

Segðu mér frá brúðkaupsdeginum. Hvers vegna varð þessi dagur fyrir valinu?

„Við giftum okkur þann 30. desember síðastliðinn en það var í rauninni systir mín sem stakk upp á þessari dagsetningu. Þessi tími árs er svo hátíðlegur og okkur þótti kostur að þurfa ekki að pæla í veðrinu,“ segir hún og bætir við:


Athöfnin hófst klukkan 16.00 en mér þótti mikilvægt að það væri nægur tími til stefnu fyrir undirbúning og myndatöku þar sem við vildum taka myndir áður en athöfnin hæfist og þar með þyrftu gestirnir okkar ekki að bíða eftir okkur á meðan við færum í myndatöku fyrir veisluna. Við höfðum okkur bæði til heima og þangað kom förðunarfræðingur sem farðaði mig, mömmur okkar og systur mínar. Það var dásamlegt að eiga notalega stund hér heima, borða í rólegheitum og slaka á, enda var ég orðin kasólétt. Thelma Arngrímsdóttir vinkona mín og ljósmyndari kom og myndaði okkur við undirbúninginn en svo fórum við í Alþingisgarðinn og í lónó þar sem hún tók myndir af okkur,“ segir Sigríður Erla.

Athöfnin var í Dómkirkjunni og gaf séra Elínborg Sturludóttir brúðhjónin saman en hún er systir Sigríðar Erlu.

„Athöfnin var mjög hátíðleg en líka persónuleg en okkur fannst athöfnin þurfa endurspegla okkur og okkar samband ásamt árstímanum. Kristján Karl Bragason, mágur



Sigríður Erla bar kórónu sem móðir hennar, Hallgerður Gunnarsdóttir, var með þegar foreldrar hennar gengu í hjónaband fyrir 57 árum.



Hér er Sigríður Erla með föður sínum, Sturlu Böðvarssyni.

Ljósmyndir/Thelma Arngrímsdóttir

Bjarka, sá um að halda utan um tónlistina og bjó til líftrúnað fyrir tilefnið ásamt Sigríði Thorlacius sem söng einsöng. Eftir athöfnina keyrðum við á gömlum bíl frá bróður mínum í frekari myndatöku með Thelmu áður en við fórum svo í móttöku í Ásmundarsal. Salinn höfðu mágkona mín, vinkonur og systir hjálpað til við að skreyta sem var ómetanlegt enda myndar það mjög mikilvæga stemningu. Tómas R. Einarsson og Ómar Guðjónsson léku léttu tóna áður en formleg dagskrá tók við. Þar sem veislan var ekki beint hefðbundin brúðkaupsveisla, enda standandi boð, þurfti að passa að kvöldið færi ekki bara í ræðuhöld, en það er margt fólk í kringum okkur sem þykir gaman að tala! Mikilvægast þótti okkur að fólk fengi tækifæri til að spjalla saman, njóta samveru hvert annars, skála og borða góðan mat. Allt þetta tókst eins og í sögu og við erum svo þakklát fyrir allt fólk okkar sem fagnaði með okkur," segir Sigríður Erla.

Hún vildi risabruðkaup – hann smábrúðkaup

Voruð þið lengi að undirbúa brúðkaupsdaginn?
„Nei, það er ekki hægt að segja það þar sem við sendum út boðskortin tæpum sjö vikum fyrir brúðkaupsdaginn. Við höfðum lengi rætt brúðkaup og hvernig við vildum hafa stóra daginn en hugmyndir okkar voru svolítið mismunandi. Ég sá fyrir mér 200 manna brúðkaup á Snæfellsnesinu, þaðan sem ég er, en maðurinn minn er talsvert lágstemmdari svo hann var ekki eins spenntur fyrir því. En þar sem upp komu veikindi í fjölskyldunni síðasta haust vildi ég kýla á þetta og við komumst að samkomulagi um að hafa minna brúðkaup til þess að geta gengið í hjónaband og fagnað því sem fyrst. Í ljósi þess að ég var gengin um 24 vikur þegar ákvörðunin var endanlega tekin þá tókst mér að sannfæra manninn minn um það að ég myndi njóta mín betur með kúlu á brúðkaupsdaginn frekar en með aum brjóst og hvítvoðung í fanginu ásamt tveggja og hálfis árs dóttur okkar og því var 30. desember sleginn. Ég hafði löngu áður búið til skjal þar sem ég hafði teiknað upp nokkrar mismunandi sviðsmyndir eftir því hvernig brúðkaup yrði fyrir valinu og þar á meðal nokkra gestalista, en gestalistinn var langmesti hausverkurinn," segir Sigríður Erla.



Ásthildur Sturludóttir, stóra systir, hjálpar litlu systur að græja sig á brúðkaupsdaginn.

Vöknudú áhyggjulaus

Sigríður Erla sá að mestu um skipulagið á brúðkaupinu enda sérfræðingur á því sviði. Hún mælir með því að fólk setji allt upp í excel-skjal er viðkemur brúðkaupum því þá er auðvelt að velja og hafna.
„Salurinn sem varð fyrir valinu tekur að hámarki 100 manns svo við urðum að halda okkur innan þeirra marka. Í ljósi þess að ég hafði meira þælt í brúðkaupum og er almennt veisluóð kona sá ég að mestu um skipulagið. Ég byrjaði á að bóka prestinn og þar með kirkjuna, heyrði í vinkonu minni Thelmu Arngrímsdóttur ljósmyndara, förðunarfræðingi, nöfnu minni Sigríði Thorlacius og þá var ansi margt komið á listanum. Ég hvet öll tilvondandi brúðhjúon til að búa til skjal með öllu því sem þau dreymir um að hafa í athöfninni eða



Kjöllinn var sér-saumaður hjá Eðalklæðum.



Draumur Sigríðar Erlu var að giftast í bláum Manolo Blahnik-skóm.



Sigríður Erla fékk armböndin lánuð hjá móður sinni.

veislunni og svo er hægt að velja og hafna eftir því sem hentar. Við gerðum það og allt gekk upp miðað við það sem við höfðum séð fyrir okkur í byrjun undirbúnings. Gott excel-skjal er gulls ígildi í brúðkaupsundirbúningsi. Mitt helsta ráð fyrir tilvondandi brúðhjúon er að deila út verkefnum og hafa skýra verkaskiptingu, ekki er verra að fá góðan einstakling til að halda utan um atriði á daginn sjálfan og passa upp á að allt standist. Við hjónin gátum í það minnsta vaknað á brúðkaupsdaginn og þurftum ekki að þæla í neinu í excel-skjalinu, við vorum búin að öllu og kíktum ekki á listann því við gátum hvort er ekki gert neitt meira á þeim tímamarki," segir hún.

Aðspurð hvað standi upp úr frá stóra deginum segir hún að dóttir þeirra hafi átt stjórnuleik.

„Dóttir okkar, Ásthildur Bára, var stjarna dagsins og átti sviðið í athöfninni þannig að allir hlógu í kirkjunni. Annars var hápunkturinn að fagna með nánustu vinum og fjölskyldu og ótrúlegt hve margir komust með svo stuttum fyrirvara," segir hún.

Er eitthvað sem þú hefur gert öðruvísi?
„Nei, í rauninni ekki.“

Óhefðbundin gæsun

Talið berst að gæsaveislum og segir Sigríður Erla að hennar gæsun hafi verið í takt við líkamlegt ástand.

„Ég fékk frekar óhefðbundna gæsun og þar sem ég var vissulega kasólétt þá var hin „hefðbundna“ gæsun ekki spennandi fyrir mig. Vinkonur mínar komu mér á óvart, náðu að plata mig eitt sunnudagskvöld í desember. Við borðuðum saman kvöldverð og áttum dásamlega stund þar sem þær ýmist færðu mér gjafir eða sögðu sögur sem þeim þótti lýsandi fyrir vináttu okkar. Ómetanleg kvöldstund sem ég mun aldrei gleyma enda á ég bestu vinkonurnar," segir hún.

Kjöllinn saumaður á elleftu stundu

Sigríður Erla klæddist skósíðum ljósum kjól með viðum ermum. Hún segist hafa verið búin að fara marga hringi varðandi kjöllinn þegar systir hennar, Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri, stakk upp á því að hún myndi láta sér-sauma á sig kjól.

„Ásthildur systir mín var mín hægri hönd í undirbúningsi og skipulagi og hófum við strax leit að kjól sem gæti gengið upp fyrir mig. Ég vissi að ég yrði gengin rúmar 33 vikur þegar að brúðkaupsdegnum kæmi svo það var ekki mikið í boði. Eftir að hafa leitað að kjól í viku út um allt netið stakk Ásthildur upp á því að ég myndi heyra í Eðalklæðum, það sakaði ekki að athuga í það minnsta. Ég gerði það og Malen hjá Eðalklæðum var svo frábær að taka við þessu verkefni með svona stuttum



Sigríður Erla og Bjarki héldu brúðkaupsveisluna í Ásmundarsal.



Böðvar Sturluson, bróðir brúðarinnar, lánaði brúðhjúónunum bíl til að ferðast í á brúðkaupsdaginn.

Ljósmyndir/Thelma Arngrímsdóttir

fyrirvara. Ég sendi henni alls konar myndir að hugmyndum um hvernig ég vildi hafa kjólinn. Ég vildi láta kúluna fyrst og fremst njóta sín en einnig vildi ég hafa dramatískar ermar og enga blúndu. Ég var svo lánsöm að kórónan sem mamma mín var með þegar þau pabbi giftu sig fyrir 57 árum var ennþá til og ég fékk að vera með hana. Okkur þótti mikilvægt að velja efni sem væri svipað á litinn og kórónan og tónaði vel við hárlitinn minn og húðlit. Þá vildi ég hafa slör og vegna þess að ég var ólétt fannst okkur mikilvægt að kjólinn væri ekki hættulegur fyrir mig, hann mátti ekki vera of síður svo ég myndi ekki detta. Slörið var því frekar langt og virkaði í stað slóða á kjólnum. Mamma lánaði mér perlufesti og armband og eyrnalokkarnir komu frá Ásthildi. Við systur höfðum löngu áður ákveðið að ég myndi gifta mig í Manolo Blahnik-skóm og pantaði Ásthildur fyrir mig skó af eBay. Miklar pælingar höfðu verið varðandi hvaða stærð yrði pöntuð þar sem við vissum ekki hvort ég yrði með mjög bjúgaða fætur í ljósi ástandsins á mér.

Þegar skórnir komu til landsins og ég mátaði þá, þann 17. desember, kom í ljós að þeir voru allt of litlir. Þá varð uppi fótur og fit þar sem styttist óðum í stóra daginn, hátíðarnar yfirvofandi og ég ekki með skó. Við leituðum á öllum vefsíðum og skóna var hvergi að finna í minni stærð. Vinkonur mínar sem búa erlendis voru sendar í leiðangur að leita að skónum í hinum ýmsu búðum og á endanum tókst okkur að panta skóna til Stokkhólms þar sem vinkona mín býr og hún kom til landsins þann 23. desember. En þar sem við hjónin vörðum jólunum hjá foreldrum mínum í Stykkishólmi og vorum farin vestur þegar hún kom fékk ég ekki skóna í hendurnar fyrir en við komum aftur í bæinn, seint þann 26. desember, og sem betur fer pössuðu þeir! Þar með var ég komin með eitthvað gamalt, nýtt, lánað og blátt,“ segir hún og hlær.

Hvað um fótin hans Bjarka, hvaðan eru þau?

„Bjarki lét sauma á sig jakkaföt hjá Suit up síðasta vor og var hann í þeim og skóm, einnig frá Suit up. Ég gaf honum svo bindi í

jólagjöf frá Kormáki og Skildi sem hann bar við tilefnið.“

Ester Rut Þórisdóttir farðaði Sigríði Erlu fyrir brúðkaupsdaginn því hún treysti fáum betur í það verkefni.

„Ég var fljót að heyra í vinkonu minni Ester

Rut Þórisdóttur og athuga hvort hún gæti ekki farðað mig. Hún hefur ótal sinnum farðað mig áður og ég treysti því engri annarri í verkið.

Hún gerði allt óaðfinnanlega svo ég þurfti ekki einu sinni að púðra ennið yfir daginn, bara bæta á mig varalit um kvöldið. Að auki sá hún um að farða mömmu, tengdamömmu og systur mínar. Bryndís Ósk Jónsdóttir á Crinis hefur klippt systur mínar í mörg ár og sá hún um að greiða mér og festa kórónuna í hárið ásamt því



Ásthildur Bára lék á als oddi í brúðkaupi foreldra sinna.

að greiða mömmu og Ásthildi systur.“

Eru einhverjar hefðir í þinni fjölskyldu sem þú vildir halda í á brúðkaupsdaginn?

„Mamma hefur bakað fyrir öll brúðkaup systkina minna og það kom ekki neitt annað til greina en að bjóða upp á kransaköku frá mömmu hjá okkur. Þá hefur systir mín gefið saman okkur öll systkinin í hjónaband.“

Hvers vegna skiptir það þig máli að vera í hjónabandi?

„Verandi lögfræðingur er það náttúrlega mikilvægt upp á hin ýmsu réttindi þar sem við eigum tvö börn, íbúð og bíl. En að auki finnst mér það vera fallegur sáttmáli okkar á milli að við munum alltaf standa saman, í gegnum súrt og sætt, sama hvað gerist, þá munum við alltaf vera teymi.“

Breytist lífið við það að giftast kærasta sínum?

„Já, það verður allt aðeins skýrara og fallegra.“

Vitamix blandarar eru kraftmiklir, áreiðanlegir, nákvæmir og endingagóðir



Gjöf sem stendur tímans tönn
vitamixland.is

Sindrastóll

Hönnuður: Ásgeir Einarsson (1927-2001).

Sindrastóllinn er bólstraður með lambagæru.

Vegna náttúrulegra litaafbrigða gærunnar eru engir tveir stólar eins. Hver stóll er því einstakur.



Sindrastóll kr. 269.000.

Hábakstóll kr. 398.000.

Skammel kr. 89.000.



Sólóhúsgögn
Íslensk framleiðsla



Hannaði og smíðaði giftingarhringana og brúðarskartið sjálf

Helgi Kristjánsson og Elísa Mjöll Guðsteinsdóttir gengu í það heilaga á falllegum haustdegi í október 2023.

Ljósmyndir/Pórdís Björt

Fyrstu kynni **Elísu Mjallar Guðsteinsdóttur** og **Helga Kristjánssonar** voru á kaffihúsi hinn 1. ágúst árið 2017 eftir að hafa sent fáein Tinder-skilaboð sín á milli. Í dag eru þau gift, eiga saman tvö börn og reka skartgripaverslunina mjöll sem selur handsníðaða skartgripa.

Irja Gröndal | irja@mbl.is

Elisa Mjöll og Helgi voru búin að vera saman í fimm ár þegar þau ákváðu að gifta sig. „Við áttum orðið tvö börn saman, heimili, fyrirtæki og ekki ennþá komin með nóg hvort af öðru, svo við vissum að við værum komin saman til að vera. Svo finnst okkur gaman að halda gott partí,“ útskýra þau.

Spurð út í bónorðið segja hjónin það hafa verið eins hversdagslegt og heimilislegt og það gerist. „Við settum upp hringa um hábjartan dag í eldhúsinu okkar yfir kaffibolla þegar dóttir okkar var um eins árs.“

Athöfnin fór fram á falllegum haustdegi 21. október 2023 í Garðakirkju í Garðabæ. „Við hefðum ekki getað verið heppnari með veður! Mjög góðir vinir okkar sungu í athöfninni og presturinn er líka tengdur okkur í gegnum fjölskyldu, þannig að þetta var mjög persónulegt, eins og við vildum hafa það. Við fórum með okkar eigin heiti sjálf sem að okkar mati gerði athöfnina. Það voru nokkur börn með í athöfninni og var dóttir okkar stór partur af deginum. Að hennar mati var hún líka að gifta sig svo hún fékk lítinn gullhring eftir að við vorum búin að setja upp okkar hringa,“ rifjar Elísa Mjöll upp.

Sveitafilingur á höfuðborgarsvæðinu

Að athöfn lokinni röltu gestirnir yfir í Garðaholt, sem er rótgróið félagsheimili rétt hjá Garðakirkju, þar sem veislan var haldin. „Við vorum búin að fara í myndatöku fyrir athöfnina þannig að gestirnir þurftu ekki að bíða lengi eftir okkur. Okkur fannst þessi staðsetning, Garðakirkja og Garðaholt, bjóða upp á mikla sveitatilfinningu. Kirkjan er rétt við sjóinn og hestar og gæsir á túnunum í kring. Bestu vinir okkar voru veislustjórar. Þau eru



Elísa Mjöll og Helgi voru bæði í skýjunum með daginn frá a til ö.

Elísa Mjöll hannaði og smíðaði giftingarhringana sjálf.

fæddir skemmtikraftar sem þekjja okkur betur en við sjálf sem gerði veisluna svo skemmtilega og eftirminnilega,“ segir Elísa Mjöll.

Hvað stóð upp úr á brúðkaupsdaginn?

„Dagurinn frá a til ö. Það kom okkur báðum svo á óvart hvað dagurinn sprengdi alla tilfinningaskala. Við vorum umkringd okkar besta fólki sem við erum svo þakklát fyrir og þetta var hreinlega fullkominn dagur. Þetta verður alltaf einn eftirminnilegasti dagur lífs okkar! Við undirbúninginn reyndum við að vera eins meðvitund og við gátum um það að hafa daginn persónulegan og í okkar anda. Það var okkur mikilvægt og lukkaðist nokkuð vel.“

Hvernig fót urðu fyrir valinu á brúðkaupsdaginn?

„Ég var í stílhreinum By Malina-kjól úr Lof-orði sem er opinn í bakið og hátt upp í hálsinn að framanverðu. Skórnir voru ólífugrænir og þaktir perlum. Helgi var í sérsamuðum jakkafötum með vesti og slaufu og í breskum leðurskóm.“

Hvernig giftingarhringar urðu fyrir valinu?


► SJÁ SÍÐU 44

K Ø L S K I





Athöfnin fór fram í Garðakirkju í Garðabæ.



Dóttir Elísu Mjallar og Helga var stór partur af deginum, en hún fékk líka lítinn gullhring á brúðkaupsdeginum.



Perlur hafa verið gríðarlega vinsælar undanfarin ár og eru það enn að sögn Elísu Mjallar.



Elísa Mjöll var í fallegum By Malina-kjól og ólífugrænum skóm sem voru þakktir perlum.



Elísa Mjöll og Helgi vildu hafa daginn persónulegan og segja það hafa lukkast afar vel.

„Við völdum klassíska giftingarhringa sem voru að sjálfsögðu smíðaðir í mjöll.“

Hvernig brúðarskart varst þú með?

„Ég var með lafandi perlulokka sem ég smíðaði sérstaklega fyrir brúðkaupið. Þeir eru mjög líkir lokkum sem við bjóðum upp á í mjöll en ég bætti bara við nokkrum perlum. Þegar maður smíðar skartgripina sjálfur þá er maður alltaf eitthvað að breyta til!“

Mælir með því að velja skart sem hægt er að nota áfram

Elísa Mjöll og Helgi stofnuðu mjöll árið 2019 og hafa í dag opnað tvær verslanir, annars vegar í Hamraborg í Kópavogi og hins vegar á Laugavegi í miðbæ Reykjavíkur. Tímalaus og falleg hönnun einkennir skartgripina sem Elísa Mjöll hagnar og smíðar ásamt teymi sínu á verkstæðum sem eru til húsa aftan við verslunarrýmið.

Á þessum árstíma er nóg að gera hjá hjónunum í mjöll, en þau eru með úrval af fallegu skarti fyrir stóra daginn, allt frá trúlofunar- og giftingarhringum yfir í brúðarskart úr sérstakri brúðarlínu sem var hönnuð með tímalausan glæsileika í huga. Þá bjóða þau einnig upp á ráðgjöf fyrir brúðhjón í verslunum sínum.

Aðspurð segir Elísa Mjöll mikilvægt að hönnun trúlofunar- og giftingarhringa sé tímalaus og að skartgripirnir séu smíðaðir úr gæðaeftum. „Trúlofunar- og giftingarhringar eru hringar sem þú leggur upp með að ganga með alla ævi og tekur sjaldnast af þér, þannig að það er mikilvægt að velja hönnun sem stendur af sér alla tískustrauma og að hringarnir séu smíðaðir úr eðalmálmum sem þola vel hversdagsnotkun. Það er mikilvægt að hugsa ekki um hvað aðrir gera eða hvað sé vinsælt, heldur velja út frá ykkur, sem einstaklingar og sem par,

hvað þið viljið. Það er enginn annar en þið að fara að ganga með giftingarhringana ykkar,“ útskýrir hún.

Að mati Elísu Mjallar er mikilvægt að brúðarskartið tali vel við kjólinn eða fötin sem brúðurin ætlar að vera í. „Að mínu mati er líka mjög gott að hafa það í huga að velja skartgripni sem þú sérð fram á að nota áfram eftir brúðkaupið. Ég nota mína eyrnalokka reglulega og verður mér alltaf hugsað til brúðkaupsins þegar ég set þá upp, sem mér finnst mjög gaman,“ segir hún.

Perlur bæði tímalausar og „elegant“

Í brúðarlínunni hjá mjöll eru perlur ríkjandi, bæði reglulegar og óreglulegar, en að sögn Elísu Mjallar hafa perlur verið afar vinsælar undanfarin ár og eru það enn. „Núna er kannski meira um stórar, óreglulegar perlur. Það getur verið mjög skemmtilegt að velja sér einn „statement“-skartgrip sem talar vel við brúðarkjólinn,“ segir hún.

„Mér finnst perlur svo tímalausar og „elegant“, þær virka ótrúlega vel við hvíta eða ljósa brúðarkjóra. Ég vildi hanna lafandi eyrnalokka sem gefa smá hreyfingu, þannig að þeir njóti sín þegar gengið er inn kirkjugólf eða tjúttá á dansgólfinu,“ bætir hún við.

„Við hönnun á hálsmenunum í brúðarlínunni hafði ég í huga að hálsmálið á brúðarkjólum getur verið mjög mismunandi og maður vill að hálsmenið og kjóllinn tali vel saman. Svo finnst mér armbönd oft vanmetin, en það getur verið mjög fallegt við ermalaus kjóra, t.d. að hafa fíngert armband sem dansar á úlnliðnum,“ segir Elísa Mjöll um hönnunina.

Bæði Elísa Mjöll og Helgi minnst brúðkaupsdagsins með hlýhug og skemmtu sér konunglega. „Það var sjúklega gaman að gifta okkur og halda brúðkaup. Við mælum með því!“ segja þau að lokum.



Elísa Mjöll og Helgi eiga dýrmætar minningar frá brúðkaupsdeginum.

KYNNING

Morgunblaðið [mbl.is](#)
augl@mbl.is | Sími 569 1100

Ljósmynd/Colourbox

Hjá Rolf Johansen & co er boðið upp á ráðgjöf og smökkun á drykkjaföngum fyrir brúðkaupsveisluna en sú þjónusta er sífellt að verða vinsælli enda mikilvægt að vanda valið.

Vín er ekki bara eitthvað í flösku

Víð viljum tryggja að upplifunin verði sem allra best. Þetta er stór dagur í lífi brúðhjónanna og fjölskyldna þeirra og það vilja allir vanda sig," segir Birkir Þór Elmarsson, vörumerkjastjóri

léttvína hjá Rolf Johansen & co, en þar er boðið upp á ráðgjöf og smökkun á drykkjaföngum fyrir stóra daginn. Birkir talar um að það sé sífellt að færast í vöxt að fá ráðgjöf um vín og til að mynda hafi Rolf Johansen aldrei þurft að auglýsa smökkun og ráðgjöf, fólk hringi bara inn og falist eftir ráðum.

„Í brúðkaupum er boðið upp á góðan mat og þá vilja flestir vera með góð vín með matnum. Það verður meiri samhljómur ef matur og vín passa saman. Það þarf ekki að kosta mikið meira að velja rétt vín með hverjum rétti en upplifunin verður þeim mun betri. Sumar gerðir vína ganga bara alls ekki með ákveðnum mat. Það er leiðinlegt að splæsa í nautasteik í aðalrétt en vera svo með þunnt vín sem verður eins og vatn. Það virkar bara alls ekki.“

Smakka vín með matnum

Áður en fólk kemur í ráðgjöf og smökkun er mikilvægt fyrir Birki að vita hvaða mat er boðið upp á til að hann geti valið vín sem passar fullkomlega við matinn. „Brúðhjón geta bæði komið hingað og smakkað en það er líka töluvert um að fólk smakki vínið frá okkur um leið og það smakkar matinn frá veislubjónustunni. Aðalatriðið er að fólk velji þau vín sem það hefur raunverulegan áhuga á að hafa í veislunni og bjóða sínum gestum upp á. Það skiptir mestu máli að brúðhjónin sjálf séu búin að smakka það sem þau ætla að bjóða upp á og séu ánægð með valið," segir Birkir sem sjálfur lagði mikla hugsun í hvaða mat og vín hann bauð upp á þegar hann gifti sig.

„Þetta er svo mikil gleðistund og ég vildi vanda mig við að velja góð vín og mat. Við vorum með standandi partí og fingramat. Svo



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Birkir Þór Elmarsson segir mikilvægt að velja vín sem passar við matinn í veislunni.

vildum við alls ekki að gestirnir myndu bíða eftir okkur þannig að það voru allir í partí á meðan við vorum í myndatöku fyrir utan. Stór partur af því að brúðhjónin njóti sín í veislunni er að vera viss um að gestirnir séu að njóta sín líka. Að allt sem er borið á borð fyrir þig og gesti þína sé gott. Ég held að oft sé fólk að velja vín út í loftið, jafnvel út frá verði, en það eru engin tvö vín eins þó þau kosti jafnmikið. Stundum þarf bara að bæta við örlitlum pening til að fá mun betri upplifun fyrir alla.“

Óáfeng vín sífellt vinsælli

Birkir talar um að hann aðstoði fólk við allt hvað varðar val á víni sem og innkaupin. „Oft er hægt að kaupa vínið frá okkur í gegnum veislusalina og við sendum vínið í salinn að kostnaðarlausu. En ef það er farið í gegnum ÁTVR þá getum við aðstoðað við það líka. Það er okkur mikilvægt að spara fólk sporin enda í mörg horn að líta í þessum mikla undirbún-

ingi fyrir brúðkaupið," segir Birkir og bætir við að svo megi ekki gleyma þeim sem kjósa að drekka ekki áfengi.

„Það hefur aukist mjög mikið að fólk vilji bjóða upp á óáfengt vín og bjór í veislum. Það er mikilvægt að allir geti fengið sér eitthvað við sinn smekk og við erum með töluvert úrval af óáfengu víni og bjór. Þetta er stækkandi hópur sem vill ekki áfenga drykki og þá verður að vera eitthvað í boði fyrir þá. Það má ekki alltaf vera bara sóðavatn og sitróna," segir Birkir og hlær.

„Við flytjum inn vín frá Kaliforníu þar sem búið er að fjarlægja alkóhólíð úr víninu og eftir verður vínberjasafinn. Þess háttar vín verða alltaf betri og betri og ég er sérstaklega hrifinn af hvítvíninu og freyðivíninu. Í vör ætlum við svo að bæta gerjuðu tei frá Englandi við úrvalið okkar en það er alveg frábær vara í ótrúlega flottum flöskum. Þetta er flott fyrirtæki á mikilli uppleið og það er vandað rosalega til verka enda er þetta te komið inn á marga frægustu

veitingastaði Bretlandseyja. Ég fann strax þegar ég smakkaði teið að þetta væri eitthvað sem veitingastaðir ættu að bjóða upp á og eitt af fáum skiptum sem svona vara höfðar strax til mín.“

Hjarta og sál í öllu sem það gerir

Rolf Johansen sjálfur stofnaði Rolf Johansen & co árið 1957 og fyrirtækið verður því sjötíu ára eftir þrjú ár. Fyrirtækið er enn í eigu fjölskyldunnar og hluti af henni starfar hjá fyrirtækinu. Þetta er því sannkallað fjölskyldufyrirtæki enda segir Birkir að það sé mjög gott að vinna þar. „Ég hef verið hér í hátt í 30 ár og þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegur og gefandi tími. Það hefur verið skemmtilegt að kynna þessum heimi, vinnræktun og fyrirtækjunum sem starfa í því, og ég hef kynnst mörgum skemmtilegu fólki. Við eigum helst samskipti við fjölskyldufyrirtæki og ég hef horft á börn eigenda vaxa upp og taka við fyrirtækinu. Það er ótrúlegt að vera í þessum tengslum og sjá ástríðuna hjá fjölskyldunum. Vín er ekki bara eitthvað í flösku, það er svo mikil saga hjá mörgum þessara vinfyrirtækja," segir Birkir og bætir við að hjá Rolf Johansen & co sé mikil áhersla lögð á að meginþorri birgjanna sé líka fjölskyldufyrirtæki.

„Þannig að þetta sé fólk sem er með hjarta og sál í öllu því sem það gerir. Við elskum það. Við viljum það frekar en að skipta við fyrirtæki sem framleiða milljónir flaskna. Auk þess eru flestir minni framleiðendur með sínar eigin ekrur sem hafa kannski verið í eigu fjölskyldunnar í einhverjar aldir og framleiða tugi þúsunda flaskna. Þetta fólk er langflest löngu farið að vinna lífrænt þó það sé ekki með lífræna stimpilun því það er bara svo dýrt fyrir lítil fyrirtæki að fá þann stimpil. En þetta fólk ræktar sín vín í sátt við móður náttúru og við erum mjög hrifin af því.“

Frekari upplýsingar um vöruúrval Rolf Johansen má finna á [www.rjc.is](#)



„Hinn fullkomni staður fyrir brúðkaupið okkar“

Sólin lék við hjónin á brúðkaupsdaginn sem kom þeim skemmtilega á óvart.

Ljósmyndir/Anna Kristín Óskarsdóttir

Hjördís Gestsdóttir hönnuður og **Steingrímur Gauti Ingólfsson** myndlistarmaður giftu sig á Kjarvalsstöðum í fyrrasumar. Eftir nokkurra ára trúlofun kom rétti tíminn og voru þau sammála um að Kjarvalsstaðir væru fullkominn staður til að ganga í það heilaga.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Hjördís og Steingrímur kynntust á Kaffibarnum árið 2009 í gegnum sameiginlega vini. „Við trúlofuðumst árið 2016 í skíðabrekku í Austurríki og ætluðum alltaf að gifta okkur og halda veislu fljótlega í kjölfarið en svo var einhvern veginn aldrei rétti tíminn,“ segja Hjördís og Steingrímur Gauti um trúlofunina en í fyrra kom loksins rétti tíminn.

„Við vorum trúlofuð í sjö ár og breyttust hugmyndir okkar um brúðkaupið nokkuð á þeim tíma. Við ákváðum á endanum að við vildum gifta okkur í Reykjavík en vorum lengi að hugsa okkur um hvaða staðsetning væri heppileg. Lengi var planið að halda veisluna bara heima. En svo kom þessi hugmynd eiginlega til okkar óvart, en við erum tíðir gestir á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þar sem við búum örstutt frá. Við sátum þar einn daginn og horfðum í kringum okkur og vissum bæði að þetta væri hinn fullkomni staður fyrir brúðkaupið okkar,“ segja hjónin um valið á staðnum.

Dreyndi um að hanna eigin brúðarkjól

Hvernig var dagurinn ykkar?

„Dagurinn hófst á undirbúningi hvort í sínu lagi með vinum okkar. Því næst var förin heitið yfir á Kjarvalsstaði þar sem við fórum í stutta myndatöku með dætrum okkar tveimur. Athöfnin fór svo fram á Kjarvalsstöðum í glampanði sólskininu þar sem Grétar Halldór Gunnarsson prestur gaf okkur saman. Eftir athöfn var skálað og síðan slegið upp veislu með veitingum frá Marentzu Poulsen. Högni Egilsson og Teitur Magnússon sáu svo um að halda fjörinu uppi ásamt öðru frábæru tónlistarfólki og trylltum gestasöngvurum.“

Fór mikill tími í undirbúning?



Steingrímur Gauti og Hjördís kynntust árið 2009. Hjónin eiga nú tvær dætur sem tóku þátt í brúðkaupsdeginum með þeim.



Hjördís hannaði brúðarkjólinn með hjálp frá Sigríðu Ágústu.

„Við pöntuðum salinn með árs fyrirvara en svo vorum við frekar róleg í langan tíma. Aðalundirbúningurinn fór fram nokkrum mánuðum fyrir brúðkaupið og svo bara rétt fyrir stóra daginn. Það er í mörg horn að líta þegar kemur að því að plana brúðkaup og hefðum við ekki getað þetta án aðstoðar okkar nánustu,“ segja þau.

Eitt af því sem þurfti að finna út úr fyrir stóra daginn voru fötin en Hjördís var með ákveðnar hugmyndir varðandi brúðarkjólinn.

„Ég er menntaður fatahönnuður og hafði alltaf séð fyrir mér að hanna minn eigin brúðarkjól. Ég endaði á því að gera það með hjálp frá Sigríðu Ágústu fatahönnuði sem sá svo líka um að sauma hann. Það var frábært samstarf og dýrmæt minning,“ segir Hjördís.

Höfðu störf ykkar sem listamanna áhrif á daginn?

„Í rauninni ekki nema það að við völdum þessa staðsetningu sem höfðar til okkar fagurfræði. Við vildum halda skreytingum í lágmarki og leyfa húsinu að njóta sín en fengum þó góða hjálp við að skreyta salinn með villtum blómum úr náttúrunni.“

Fagurfræðin á Kjarvalsstöðum heillaði Steingrím Gauta Ingólfsson og Hjördísi Gestsdóttur.

Gott að sleppa tókunum á brúðkaupsdeginum

Hjónin segja daginn hafa verið fullkominn og spilaði margt inn í.

„Fyrir það fyrsta lék veðrið við okkur og byggingin og garðurinn ljómuðu í sólskininu. Athöfnin var mjög falleg – einlæg og persónuleg, en Högni og Salóme Katrín sungu tvö dásamleg lög. Það var líka mjög gaman að hlusta á allar ræðurnar og svo voru skemmtatriðin hreinlega á heimsmaelikvarða,“ segja þau.

Kom eitthvað á óvart yfir daginn eða í öllu ferlinu?

„Veðrið var sigurvegarinn og kom svo sannarlega skemmtilega á óvart. Annað sem kom svolítið á óvart var hvað við vorum í raun róleg og slök og náðum að skemmta okkur vel þrátt fyrir að vera að halda þessa stóru veislu sem við höfðum verið að undirbúa lengi og hugsa um í mörg ár.“

Er eitthvað sem þið mælið með fyrir verðandi hjón?

„Verið ófeimin við að biðja um hjálp í undirbúningnum. Svo reyndist okkur vel að sleppa síðan tókunum þegar að deginum kom.“



54.900 kr.
JP-720

54.900 kr.
JP-740

263.900
DP-330
30 punkta TWV51 deman

199.800 kr.
JP-658
20 punkta TWV51 demantur

105.900 kr.
DP-220
Sjó GH S11 demantar
(samtsals 20 punktar)

149.900 kr.
10012162

149.900 kr.
20001295

45.900 kr.
JN-516
Silfurhalsfesti - 45 cm

119.900 kr.
DR-52
15 GH S11 demantar
(samtsals 22 punktar)

199.900 kr.
Akoya-14k-7.5mm
Halsfesti með Akoya perlum - 45 cm

524.900 kr.
JR-130
Þrjú TWV51 demantar
35 punkta demantur í miðju
(samtsals 65 punktar)

198.000 kr.
JR-525
20 punkta TWV51 demantur

395.900 kr.
JN-516
14k gullfesti - 45 cm

Þú finnur skartgripi fyrir

brúðkaupið

hjá *Jens*



145.000 kr.
DR-80
Þrjú TWV51 demantar
(samtsals 20 punktar)



169.000 kr.
DR-70
20 punkta TWV51 demantur



235.000 kr.
DR-531
Þrjú TWV51 demantar
(samtsals 30 punktar)



235.000 kr.
DR-40
11 TWV51 demantar
(samtsals 27 punktar)



230.000 kr.
DR-90
Þrjú TWV51 demantar
(35 punktar samtsals)



275.900 kr.
JR-132
Þrjú TWV5 demantar - alls 30 punktar



645.900 kr.
JR-131-G-80P
Þrjú TWV51 demantar
40 punkta demantur í miðju
(samtsals 80 punktar)



398.900 kr.
JR-133
Þrjú TWV51 demantar
25 punkta demantur í miðju
(samtsals 45 punktar)



535.000 kr.
JR-138
Þrjú TWV51 demantar
33 punkta demantur í miðju
(samtsals 63 punktar)

Skoðaðu úrvalið á
www.jens.is



139.900 kr.
JE-645
10 punkta TWV51 demantar
(samtsals 20 punktar)



235.000 kr.
DE-140
20 punkta TWV51 demantar
(samtsals 40 punktar)



289.900 kr.
PE-106
14k hvítgull
8,5-9 mm akoya perlu
18W S1 demantar
(samtsals 13 punktar)



109.900 kr.
PE-101
14k gull
7-7,5 mm akoya perlu
8W S1 demantar
(samtsals 3 punktar)



Jens



Giftingarhringar
Verð frá 65.000 kr. stk.

Kringlan

Smáralind

Fegurðin dregin fram með förðunartrixum

Dýrleif Sveinsdóttir förðunar-meistari farðaði **Arnhildi Önnu Árnadóttur** kraftlyftingakonu fyrir Brúðkaupsblað Morgunblaðsins. Hún vildi hafa húðina glóandi og augnförðunina milda og áhrifaríka. Hún ýkti möndlulaga form augnanna með leynitrixi sem þið getið lært.

Marta María Winkel Jónasdóttir / mm@mbl.is

Dýrleif segir að það skipti miklu máli að hugsa vel um húðina vikurnar fyrir brúðkaup til að brúðarförðun njóti sín sem best. Ef húðin er vel nærð eru meiri líkur á að förðunin verði framúrskarandi.

„Hreinsun er nauðsynlegt byrjunarskref að mínu mati. Abeille Royale Fortifying Lotion with Royal Jelly frá Guerlain breytir húðinni í silki og baðar hana í nærandi hunangsriki hýalúrónsýru. Góður raki og vel unnin húð er lykillinn að fallegrri förðun ásamt góðu mataræði og mikilli vatnsdrykkju,“ segir Dýrleif aðspurð hvað geti aukið fegurð á brúðkaupsdaginn. Dýrleif nuddaði Abeille Royale Advanced Youth Watery Oil vel inn í húðina en um er að ræða blöndu af serumi og hunangsolú. Hún segir hægt að nota það eitt og sér en það sé afbragð að blanda því út í farðann ef fólk vill léttari áferð. Svo bar hún Abeille Royale Double R Renew & Repair Eye Serum í kringum augun en það inniheldur hýalúrónsýru, peptíð og koffín sem vinnur sérstaklega vel á þreyttu augnsvæði og hentar því vel fyrir stórviðburði eins og brúðkaup.

„Í lok húðmeðferðarinnar setti ég Double R-andlitsserumið á Arnhildi en það er svo einstaklega þægileg formúla sem læsir rakann í húðinni og veitir langvarandi náttúrulegan ljóma sem skín í gegn um farðann um leið og það vinnur á fínum línunum.“

Dýrleif notaði Terracotta Le Teint-farðann á Arnhildi. Svo setti hún Terracotta-hyljara undir augun og skyggði andlitið með sólarpúðri.

„Ég valdi Terracotta Bronzing Powder í litnum Medium á bæði andlitið og augun á Arnhildi en hann gefur svo fallegan sólkysstan ljóma. Sólarpúður er best að bera á öll útstæðustu beinin á andlitinu eins og kinnbein, ennisbein, augnbein og nefbein. Mér finnst best að bera það á með stórum bursta ef ég vil ná fram draumkenndri áferð. Ef ég er hins vegar að skyggja andlitið mjög nákvæmlega finnst mér best að nota minni bursta,“ segir Dýrleif.

Þegar hún er spurð hver galdurinn sé við að ná fram hinni fullkomnu skyggingu á andlitið segist hún nota hyljara undir kinnbeinin.

„Þegar búíð er að skyggja andlitið set ég smá hyljara undir kinnbeinin til þess að lyfta andlitinu upp,“ segir Dýrleif. Þegar hún var búin að nota þetta trix á Arnhildi setti hún kinnalit í kinnarnar.

„Ég valdi mildan kóral-lit á Arnhildi en hann gefur heildarmyndinni mikla hlýju sem mér finnst undirstrika náttúrulega brúðarförðun,“ segir hún.

Ýkti möndlulaga form augnanna með förðun

„Arnholdur er með svo ótrúlega falleg græn og björt augu svo við völdum liti sem draga fram það besta. Augnskuggapallettan Imperial Moon frá Guerlain er hin fullkomna



Arnholdur Anna Árnadóttir tekur sig vel út með brúðarförðun sem Dýrleif Sveinsdóttir töfraði fram.

Ljósmyndir/Sara Björk Þorsteinsdóttir



Dýrleif notaði Terracotta Le Teint-farðann því hann gefur húðinni fallega áferð.



Hjð klassíska Terracotta Brónzing Powder stendur alltaf fyrir sínu þegar andlitið þarf frísklegra yfirbragð.



Guerlain Meteorites kom á markað 1987 og er ennþá vinsælt. Dýrleif notaði það á enni, nef og í kinnar til að kalla fram töfrana.

Hér sést vel hvernig Dýrleif skyggði augun á Arnhildi Önnu til þess að ná því besta fram.



litasamsetning fyrir alla. Ég þori að lofa að þessir litir draga ekki einungis fram grænan augnlit heldur hvaða augnlit sem er. Mér finnst gaman að nota liti í kaldari kantinum á móti hlýja brúna augnblyntinum, sólarpúðrinu og kinnalitnum,“ segir Dýrleif og bætir við:

„Fyrst var brúni augnblynturinn settur í ytri augnkrók og blandaður út líkt og augnskuggi með litlum þéttum bursta. Þannig verður til meiri dýpt og blynturinn virkar eins og lím fyrir augnskuggann sem kemur ofan á. Hann helst betur á.

Liturinn í neðra hægra horninu á augnskuggapallettunni er svokallaður

„taupe“-litur og er blanda af brúnum, gráum, gylltum og sanseruðum lit sem klikkar ekki yfir hvaða augnlok sem er. Hann fór yfir allt augnlokið og upp að augnbeini eða þar sem sólarpúðrið tók við. Liturinn var blandaður með stórum bursta svo hvorki sást hvar augnförðunin byrjaði né endaði. Það skiptir máli að hafa hafa lítinn lit í burstanum svo að blöndunin gangi sem best en hér er góð blöndun mikilvæg. Svo bætti ég silfraða augnskugganum yfir mitt augnlokið til þess að framkalla birtu beint yfir fallegu grænu augunum hennar Arnholdar.

Brúni augnblynturinn var borinn aftur á ytri augnkrók til þess að draga augun aðeins út og alveg niðri við rótina með örlytlum spíss



Guerlain Noir G-maskarinn þykkir og lengir augnhárin.

Ombres G – Eye Shadow Quad Imperial Moon-lita-paliettan státar af fjórum eigulegum litum sem eru í köldum tönnum.

Kiss Kiss Bee Glow Oil – Rose Glow ljær vörnum mikinn ljóma.

Aqua Allegoria Flora Bloom-ilmurinn er frísklegur.

Dýrleif dumpaði Rouge G-Cherry Bloom Limited Edition-varalitnum yfir varirnar.



til að styrkja endalínuna við maskarann,“ segir Dýrleif.

Til þess að gera augun meira möndlulaga setti Dýrleif augnblynturinn aðeins á 1/4 í endann á vatnslínunni. Það ramar augun betur inn og gerir heildarmyndina heillandi.

Kyssilegar varir

„Varaprimer er besti vinur varalitarins og hefur Kiss Kiss Lip Lift frá Guerlain sléttandi áhrif bæði á varirnar og varalínuna. Ég bar hann yfir allar varirnar og örfltið út fyrir til þess að koma í veg fyrir að varaliturinn eða glossinn smitaðist út í línur. Einnig gulltryggir hann langvarandi endingu og undirbýr varirnar svo komandi vörur haldist enn betur á. Ég dumpaði varalit með flöffi bursta á varirnar til að halda þeim náttúrulegum. Til að toppa setti ég hunangsblönduðu varaolú-línuna yfir. Áferðin er algjörlega ávanabindandi og framkallar speglaglans á varirnar sem fær þær til að glampa í kílómetrafjarlægð,“ segir hún.

Til þess að fullkomna heildarmyndina setti Dýrleif ljómapúður yfir kinnar, enni, nef og bringu en púðrið kom á markað 1987 og þótti mikið förðunarundur og þykir reyndar enn.

„Þessi íkoníska förðunarvara kom fyrst á markað árið 1987 og eru blandaðar púður-perlur sem sameina alla kosti púðurs og ljóma í einni vöru. Þær litaleiðrétta, festa farða, matta og lýsa upp lokaútlitið á einstakan hátt sem viðheldur náttúrulegum ljóma allan daginn,“ segir Dýrleif og bætir við:

„Síðast en ekki síst skiptir máli að ilma vel á brúðkaupsdaginn því oft geymir ilmur dýrmætustu minningarnar. Ilmurinn sem Arnhildur valdi í lok brúðarförðunarinnar var Aqua Allegoria Flora Bloom sem er unaður fyrir skynfærin, en hann er gerður úr kókóshnetu, muski og sandalviði. Hjartanótan í ilminum er safaríkur sítrus,“ segir hún.

Þjóddu gestum í glæsilega og persónulega veislu með skreytingum í þínum stíl



Góð ráð fyrir stóra daginn – hvað á að gera og hvað ekki

- ♥ Fara í prufuförðun og vera búin að skoða innblástur á til dæmis Pinterest fyrir förðun.
- ♥ Ef brúður vill vera með augnháralengingar er gott að gera það fyrir prufuförðun.
- ♥ Ekki lita augabráunir degi fyrir brúðkaupsdaginn eða samdægurs.
- ♥ Ekki setja brúnkukrem samdægurs og passa að setja ekki brúнку á innanverða handleggi sem geta smitað í brúðarkjólinn.
- ♥ Vera með „rescue-kit“ yfir daginn og kvöldið með helstu nauðsynjum á við varalít, hyljara og eyrnarpinna.
- ♥ Fela eyrnarpinna í brúðarvendingum svo auðvelt sé að þerra tár eða lagfæra.
- ♥ Ef brúður ætlar að vera með hálsmen er sniðugt að festa það með augnháralími svo það haldist á sínum stað.
- ♥ Ekki vera hrædd við að segja hvað þér finnst því þetta er þinn dagur og þú þarft að vera ánægð með förðunina.

Það skiptir mjög miklu máli að næra húðina vel fyrir stóra daginn. Génifique-andlitsserum varð fyrir valinu til að næra húð Hörpu sem best. Hún notaði einnig rakakrem frá sama merki en þetta vinnur allt vel saman.



Harpa Guðmundsdóttir er hér með fallega brúðarförðun sem Sara Eiríksdóttir töfraði fram.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



Sara notaði Hypnôse-augnskuggapallettu nr. 1, French Nude.



Le Stylo-augnblyanturinn frá Lancôme er vatnsheldur. Sara notaði hann til að ramma augnumgjörðina inn.



Til að fullkomna förðunina notaði Sara Lash Idôle-maskarann á efri og neðri augnhár.



Tveir farðar, einn augnskuggi og mikill raki



Sara blandaði saman tveimur förðum. Annar farðinn sem hún notaði var Teint Idole Ultra Wear frá Lancôme.



Care-in-Glow farðinn frá Lancôme var borinn á mitt andlitið.



Absolu Rouge-varalitinn nr. 253, er mildur en gefur samt lit.



Sara Eiríksdóttir, alþjóðlegur förðunarmeistari Lancôme, er nýkomin heim frá Suður-Frakkalandi þar sem hún heimsótti Domaine De La Rose sem stendur á fjögurra hektara landi. Á þessum stað rættar Lancôme innihaldsefni í ýmsar vörur og ilmi. Sara lærði margt nýtt sem nýttist vel þegar hún farðaði Hörpu Guðmundsdóttur fyrir Brúðkaupsblað Morgunblaðsins.

Marta María Winkel Jónasdóttir | mm@mbl.is

Sara lagði áherslu á að húðin væri falleg og ljómandi. Þegar kemur að sjálfri förðuninni vildi Sara hafa hana láttlausu og endingargóða. Það er fátt sem skiptir meira máli en að förðunin aflagist ekki þegar svona mikið er í húfi. Sara segir að góð húðumhirða skipti máli svo förðunin komi vel út og að það sé á algerum bannlista að prófa nýjar húðvörur daginn fyrir giftingu.

„Það skiptir máli að undirbúa húðina vel fyrir giftinguna svo förðunin verði sem fallegust. Hreinsun, raki og ljómi leika stórt hlutverk í lýtlausri förðun. Ég notaði mínar uppáhaldsvörur á Hörpu en þar má nefna Génifique-andlitsserum, augnserum og rakakrem en þessar vörur innihalda góðgerla, hýalúrónsýru og C-vítamín sem gefa ferskleika og þéttari áferð,“ segir Sara.

Hún segir að það skipti máli að leyfa húðvörunum að ganga vel niður í húðina. Þess vegna ákvað hún að byrja á því að farða augun á með húðvörurnar voru að taka sig.

„Ég notaði Hypnôse-augnskuggapallettu nr. 1, French Nude, sem er í miklu uppáhaldi hjá mér ef ég er að gera náttúrulega förðun. Ég notaði brúnan Le Stylo-augnblyant til að ramma augun inn en hann er vatnsheld-

ur. Ég setti hann inn í efri vatnslínuna til að fá þéttari og dekkri augnháralínu. Svo setti ég Lash Idôle-maskarann sem þykkir, lengir, sveigir og endist án þess að smita eða molna,“ segir Sara.

Notaði tvo ólíka farða

Nú var komið að húðinni sjálfri sem var orðin vel rakafyllt og frískleg. Í ferðinni til Suður-Frakklands fór Sara í sýnikennslu hjá förðunarmeistara Lancôme, Sheika Daley, en hún notaði bæði Teint Idole Ultra Wear-farðann og Care-in-Glow-farðann sem kom mjög fallega út. Sara ákvað að gera slíkt hið sama og byrjaði á að setja Care-in-Glow-farðann á mitt andlitið og rammaði inn og skyggði með hinum klassíska farðanum. Care-in-Glow-farðinn er léttari, náttúrulegri og meira ljómandi á meðan hinn er meira þekjandi og hálfmattur. Sara notaði Care-in-Glow-hyljara undir augu, á höku og örlítið á ennið til þess að fá meiri birtu á andlitið og jafnari áferð.

„Ég notaði litlaust púður yfir hyljarann svo hann myndi ekki smita eða leggjast í línur. Fyrir hreyfingu og ferskleika í förðunina setti ég sólarpúður og kinnalit. Til þess að fullkomna förðunina notaði ég Absolu Rouge-varalit nr. 253, Mademoiselle Amanda, en hann gefur mýkt, raka og þægindi allan daginn. Lokaskrefið og eitt það mikilvægasta er svo All Nighter Setting-spreyið frá Urban Decay en það gefur aukna endingu, blandar förðuninni fallega og gerir hana vatns- og smithelda,“ segir Sara.




Sara notaði örlítinn kinnalit í kinnarnar.





VÖNDUÐ HÖNNUN FRÁ ÍTALÍU OG SPÁNI
FYRIR VEISLUR SUMARSINS!





Hvít leirtau frá Vipp er fallegt í opnum hillum í eldhúsi. Það fæst í Epal.



Parf að krydda tilveruna? Kannski þarf það ekki fyrsta árið í hjónabandinu en öll borgaraleg heimili státa af salt- og piparkvörn. Þessi tvönn er frá Vipp og fæst í Epal og kostar 30.500 kr.



Pegar hjónabandið verður of krefjandi er gott að eiga lampa með nokkrum stillingum til þess að geta minnkað ljósið í herberginu. Þessi lampi er frá Vipp og kostar 139.000 kr. Hann fæst í Epal.



Vasar eru einstök heimilisprýði. Það á líka við um Abigail Ahern-vasann sem er 20 cm á hæð. Hann fæst í Dimm-verslun og kostar 5.595 kr.

Kinfolk-bækurnar hafa notið vinsælda en þær geyma innlit í heimili fólks víðsvegar um heiminn. Í nýjustu bókinni eru 35 heimili heimsótt sem veita innblástur og gleði. Bókin fæst í Heimahúsinu og kostar 6.900 kr.

Dýrt og vandað fyrir lúxusgrísina

Gifting og hreiðurgerð haldast of í hendur og þess vegna er ekki úr vegi að færa brúðhjónum eitthvað til heimilisins. Ef um sannkallaða lúxusgrísi er að ræða þá gætu þessar gjafir hitt í mark. Lúxusgrísinn vill nefnilega eitthvað dýrt og vandað í brúðkaupsgjöf.



Fallegur vasi sem hægt er að drekka úr. Hann er úr hvítu postulíni og fæst í Heimili og hugmyndum. Hann kostar 10.300 kr.



Hvernig væri að gefa brúðhjónunum ljósaskilti með hressilegu orði eins og til dæmis kampavín (e. champagne). Neonskiltið fæst í Heimahúsinu og kostar 34.900 kr.



Glösin frá Vipp eru falleg í laginu. Þau fást í Epal en tvö í pakka kosta 6.500 kr.



Glerborð í stærðinni 120x120 cm frá B&B Italia þykir með því smartara sem hægt er að eignast. Það fæst í Casa og kostar 319.000 kr.



Kökugafflar og kökuspaði er eitthvað sem þarf að vera til á hverju heimili. Þessi flottheit fást í Snúrunni og kosta 4.590 kr.



Marmaraborð fer vel við ljósa vegg og ljósan sófa. Það fæst í Snúrunni og kostar 182.000 kr.

Það er ekki hægt að drekka búbblur alla daga í hjónabandinu. Í hversdagsleikanum er gott að eiga kolsýrt vatn og smart græju sem græjar það. Þetta er frá Bublíq og fæst í Snúrunni. Það kostar 28.590 kr.



HÄSTENS-koddaver er úr mjúkri bómull og fallegt á litinn. Vörurnar fást í samnefndri verslun í Skeifunni.



HÄSTENS-teppi úr alpakaull er góð gjöf. Það fæst í samnefndri verslun í Skeifunni.



Það getur verið gott að eiga koll til þess að geta teygst sig í efstu hilluna. Þessir kollar eru frá Cassina og fást í Casa. Stykkið kostar 139.000 kr.



MDF Italia-hillurnar þykja arfasmart. Þær fást í Pennanum og kosta 119.875 kr.



Það er aldrei of mikið LOVE í lífinu. Þessi trébakki er frá Vitra og fæst í Pennanum. Hann kostar 8.590 kr.

Margir fagurkerar kunna að meta heimilismerkið Flamant. Hér er lampi frá merkinu sem er mikið stofustáss en hann getur líka virkað sem náttborðslampi. Hann fæst í Heimili og Hugmyndum og kostar 22.900 kr.



Flos-borðlampinn er mikið stofustáss. Hann fæst í Pennanum og kostar 175.000 kr.

ChitoCare beauty



Natural beauty of ICELAND



NÝTT AUGNKREM MEÐ ÞREFALDRI VIRKNI OG CHITOCARE® REPAIR

ChitoCare beauty Anti-Aging Eye Cream býr yfir 99% náttúrulegum uppruna.

Í augnkreminu er þreföld virkni þar sem það stinnir, þéttir og lyftir húðinni þannig að þú öðlast úthvílt útlit.

Anti-Aging línan frá ChitoCare beauty fæst í snyrtivörudeildum, helstu apótekum og á chitocare.is





Rauður Y-stóll er flippuð útgáfa af sígildri hönnun Hans J. Wegner. Stóllinn fæst í Epal og kostar 85.000 krónur.

Hressir hipsterar drekka ekki kaffi sem kemur í hylkjum. Mocca master í fallegum lit er það eina sem dugar. Kaffivélin fæst hjá Rafha og kostar 42.950 krónur.



„Allt sem er blátt, blátt finnst mér vera fallegt,“ hugsu hjónin þegar þau kveikja ljósið í Flowerpot VP1-hengilampanum frá &tradition. Ljósið fæst hjá Epal og kostar 37.700 króur.



Fallgar skálar eftir Helle Mardahl luga upp á heimilið. Þær fást hjá Vest og kosta 97.061 kr.

Parið er ekki uppi í sófa og horfa á Netflix heldur er alltaf að gera eitthvað saman eins og að spila eða tefla. Grænt tafborð frá Printworks fæst hjá Mòdern og kostar 8.900 krónur.



Það eru ekki til rómantískari vasar en Love handles-vasinn eftir Anissu Kermiche. Vasinn fæst hjá Norr11 og kostar 66.490 krónur.

Hressa parið gengur í hjónaband

Það eru ekki öll hjón að safna hnífapörum og dönsku postulíni sem má ekki fara í uppþvottavél. Sum hjón vilja meiri stemningu og meiri gleði inn í líf sitt. Það er hægt að uppfylla draum þeirra með því að gefa þeim litríkar og skemmtilegar brúðkaupsgjafir.



Af hveiru að sætta sig við eitthvað venjulegt og fjöldaframleitt? Ísbjarnastóllinn er frá belgiska fyrirtækinu AP Collection þar sem bangsar eru í aðalhlutverki. Stóllinn fæst sérpantaður hjá Mood Reykjavík og kostar 1.413.600 krónur.



Skemmtilegu fólki finnst gaman að hlusta á góða tónlist. Crosley Voyager-plötuspilari fæst hjá Elko og kostar 19.995 kr.



Það er skemmtilegra að þurrka sér með fallegum handklæðum. Handklæði frá Tekla fæst hjá Epal og kostar frá 2.900 til 8.500 krónur.

Hjónum sem finnst gaman að bjóða í skemmtileg matarboð þurfa að eiga kolagrill. Kolagrillið frá Big Green Egg er ekki bara gott heldur líka flott. Það fæst hjá Dúka og kostar 159.900 krónur.



Hressu hjónin eru fólk sem vakir fram eftir og kveikir eld. Bálpanna með hreinbrunagrind fæst hjá Vorverki og kostar 79.850 krónur.



Hressu hjónin eru ekki bara síðust heim úr veislunni heldur líka fyrst upp á topp í göngum. Vaude Arco XT þriggja manna göngutjald fæst hjá Fjallakofanum og kostar 59.995 kr.

KRAFTEY

WWW.KRAFTEY.IS

DOLOMITE

1897

SAMAN Í ÚTIVIST ❤️

Brúðkaupsdagar

í mjöll 5.-14. apríl

10% afsláttur
af öllum trúlofunar-
& giftingahringum
og perluskarti.

Tilvalið fyrir pör sem eru í
brúðkaups- eða trúlofunar-
hugleiðingum að nýta
tækifærið og kíkja í
spjall, ráðgjöf
& kaffi.

Við hlökkum
mikið til að
taka á móti
ykkur

mjöll
Gullsmiðja

mjoll.is • Hamraborg 20a • Laugavegur 20 • 537 3400

Elizabeth Arden

Green Tea
Coconut Breeze



THE *NEW* FRAGRANCE &
HONEY DROPS BODY CREAM